

FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL
GEFIÐ ÚT AF HAGFRÆÐIDEILD
LANDSBANKA ÍSLANDS
RITSTJÓRI: JÓHANNES NORDAL

JÚNÍ – JÚLÍ 1958

Nauðsyn aðhalds	59
Utanríkisviðskipti	61
Inngangur	61
Útflutningsverzlun	61
Innflutningsverzlun	68
Viðskipti við einstök lönd	68
Gjaldeyrisverzlunin	71
Erlend lán	73
Skipulag gjaldeyris- og innflutningsmála	77
Störf Alþingis	78
Ný lög um Útflutningssjóð	92
Fréttabættir	97
Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða	97
Útgerð og aflabrögð	98
Viðskiptasamningar	98
Skráð gengi	99
Peningamarkaðurinn	99
Töflur	104
Inn- og útflutningur eftir mánuðum	104
Útflutningur helztu vöruflokka ...	104
Viðskipti við einstök lönd í millj. króna	105
Viðskipti við einstök lönd í hlutfallstölum (%)	106
Fiskafli, sundurliðaður á togara og báta mánaðarlega	107
Fiskafli, skipt á fisktegundir	107
Hagnýting fiskafllans	108
Framleiðsla og sala mjólkurafurða	108
Vísitala framfærslukostnaðar	109
Kaupgjaldsvísitala	109
Vísitala byggingarkostnaðar	109
Húsaleiguvísitala	109
Innlán og útlán sparisjóða, Söfnunarsjóðs og innlánsdeilda kaupfélaga	109
Efnahagsreikningar Seðlabankans	110
Efnahagsreikningar viðskiptabankanna	111

FJÁRMÁLATÍÐINDI eru gefin út af hagfræðideild Landsbanka Íslands, og koma þau út fjórum sinnum á ári. Söluumboð og afgreiðslu áskrifta hefur hagfræðideild Landsbankans og Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

*

Áskriftarverð er 25 kr. á ári, en í bókaverzlunum kostar hvert hefti 10 krónur.

*

Þeir, sem þess óska, geta fengið ritið óskorið.

Nauðsyn aðhalds.

A þeim fáu vikum, sem liðnar eru, síðan útflutningssjóðslögin nýju voru sett, hafa áhrif þeirra komið fram í allmiklum verðhækkunum. Þessar verðhækkanir hljóta að hafa margvísleg vandamál í för með sér, en þær eru engu að síður óhjákvæmileg afleiðing slíkra aðgerða, ef þær eiga að ná því markmiði að draga úr misræmi í verðlagi innan lands og jafnframt að auka raunverulegar tekjur útflutningsatvinnuveganna. Í sjálfu sér stuðla verðhækkanirnar að því að draga úr eftirspurn eftir ákveðnum vöruflokkum og þjónustu, og þær geta þannig dregið úr umframeyðslu þjóðarbúsins og bætt nýtingu framleiðsluafla þjóðarbúsins. Þessi hagstæðu áhrif koma þó því aðeins fram, að eftirspurn aukist ekki á ný vegna launahækkana eða nýmyndunar peninga vegna aukinna útlána bankaanna.

Í útflutningssjóðslögunum er ákveðin 5% kauphækkun þegar í stað. Tilgangur þessarar hækkunar var tvímælaust sá að koma í veg fyrir almennar

kaupkröfur og jafnvel að fá launþega til að samþykkja afnám á vísitölubindingu launa. En þrátt fyrir þetta hefur ekki tekizt að koma í veg fyrir kjara-deilur og verkföll, og þegar hafa verið samþykktar frekari kauphækkanir, sem draga munu mjög úr áhrifum hinna nýju ráðstafana og raska verulega heim rekstrargrundvelli, sem útflutningsatvinnuvegunum hefur verið skapaður með hinum nýju aðgerðum. Atvinnuvegirnar munu vafalaust ekki taldir geta borið hinn aukna tilkostnað, svo að honum verður velt á ný yfir á neytendur í hærra vöruverði. Engum ætti að dyljast, að áframhald þessarar þróunar í kaupgjaldsmálum hlýtur að gera fljótlega að engu flest það, sem áunnizt hefur með hinum nýju ráðstöfunum.

Enn sem komið er hafa verðhækkanirnar ekki haft veruleg áhrif á lánveitingar bankaanna, en að því hlýtur að liða, að hinn vaxandi tilkostnaður kalli á stórum aukið lánsfé til atvinnuveganna. Ef ekki er rétt á haldið, gæti slík útlánaaukning orðið til þess að auka enn

peningaþensluna í þjóðfélaginu og þannig átt sinn þátt í að auka á ný umfram-
eftirspurnina í þjóðarbúinu. Í þessum
efnum verður vandratað meðalhófið, því
að ekki mega strangar aðgerðir í pen-
ingamálum verða til þess að stöðva
mikilvægar greinar atvinnulífsins.
Þarna er um það að ræða, eins og
reyndar á öðrum sviðum, að ákveða,
hverjir eigi að bera þær byrðar, sem
óhjákvæmilegt er að leggja á. Þótt
markmiðið hljóti að vera að draga fyrst
og fremst úr lánum til fjárfestingar, er
það allt annað en auðvelt í framkvæmd,
þar sem meginþorri þeirra lánveitinga,
sem hreyfanlegastar eru, er ætlaður til
rekstrar, en ekki fjárfestingar. Þær
ákvarðanir, sem hér þarf að taka, geta
varla orðið að gagni, nema um þær sé
samstaða ríkisvaldsins og bankanna,
enda mun mikið velta á framkvæmd
fjárfestingaráætlana á vegum ríkisins
sjálfs.

Undanfarnar vikur hafa sýnt það enn
á ný, að víðtækar aðgerðir í því skyni
að leysa úr vandamálum atvinnuveg-

anna eru til lítils gagns til lengdar, ef
þeim er ekki fylgt eftir með öðrum ráð-
stöfunum og ströngu aðhaldi í fjármál-
um, peningamálum og launamálum. Það
er ekki nóg að gera róttækar aðgerðir
í efnahagsmálum einu sinni eða tvisvar
á ári. Á degi hverjum verður í fram-
kvæmd og stjórn þjóðarbúsins að taka
ákvarðanir, sem áhrif hafa á þróun
þessara mála. Og hér á landi eru slíkar
ákvarðanir ekki aðeins teknar af ríkis-
valdinu og þeim stofnunum, sem á veg-
um þess starfa, heldur að verulegu leyti
af samtökum launþega eða einstakra
atvinnuvega. Það má því segja, að for-
senda þess, að hinar nýju ráðstafanir
komi að einhverju gagni, sé, að almenn-
ur skilningur sé á tilgangi þeirra og
nauðsyn. Fyrr eða síðar verða menn að
gera sér ljóst, að tilgangslaust er að
gera til þjóðarbúsins kröfur, sem það
fær ekki undir risið. Afleiðingin verður
verðþensla og erlend skuldasöfnun, sem
áður en lýkur hlýtur að hafa í för með
sér kjaraskerðingu alls almennings í
landinu.

J. N.

Utanríkisviðskipti 1957

Inngangur — Útflutningsverzlun — Innflutningsverzlun — Viðskipti við einstök lönd — Gjalddeyrisverzlunin — Erlend lán — Skipulag gjalddeyris- og innflutningsmála.

Inngangur.

Árið 1957 var mikill halli í greiðsluviðskiptum Íslands við umheiminn. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri jókst greiðsluhallinn við útlönd enn á árinu 1957 og mun hafa numið um 180 millj. kr. á móti 162 millj. kr. árið áður. Þessi aukni halli stafaði eingöngu af óhagstæðari jöfnuði á duldum greiðslum, sem átti að miklu leyti róta að rekja til minni tekna af varnarliðinu.

Verzlunarjöfnuður varð hins vegar hagstæðari en árið áður, og varð hallinn 371,9 millj. kr. á móti 436,6 millj. kr. árið 1956. Varð samdráttur á árinu bæði í útflutningi og innflutningi, eins og eftirfarandi tölur gefa til kynna, en þær sýna utanríkisviðskiptin í heild undanfarin þrjú ár:

Innflutningur (cif.) ..	1.264,3	1.468,1	1.358,5
Útflutningur (fob.) ...	847,9	1.031,5	986,6

Verzlunarjöfnuður ... ÷ 416,4 ÷ 436,6 ÷ 371,9

Verzlunarkjörin voru Íslendingum óhagstæðari en árið áður. Samkvæmt verðvísitölum hagstofunnar hækkaði verðlag innflutnings um 4,1%, en verðlag útflutnings aðeins um 0,8%. Samkvæmt magnvísitölum minnkaði innflutningsmagnið um 11,1%, en útflutningsmagnið um 5,0% miðað við fyrra ár. Eftirfarandi tölur sýna verð- og magnvísitölur undanfarin fimm ár (1935 = 100):

	Verðvísitölur		Verzlunarkjör	Magnvísitölur	
	Innflutt	Útflutt		Innflutt	Útflutt
1953	697	638	91,5	350	237
1954	670	637	95,1	371	284
1955	665	649	97,6	419	279
1956	687	652	94,9	470	339
1957	715	657	91,9	418	322

Útflutningsverzlun.

Verðmæti útflutningsins varð 4,4% minna á árinu 1957 en árið áður. Útflutningur á freðsild, síldarmjöli og síldarlýsi jókst verulega, svo og útflutningur fiskimjöls. Hins vegar dró úr útflutningi margra vörutegunda, einkum saltfisks og saltaðra gæra. Birgðir útflutningsafurða minnkuðu á árinu um 54,9 millj. kr. eða úr 213,0 millj. kr. í ársbyrjun 1957 í 158,1 millj. kr. í árslok. Hlutfall sjávarafurða í útflutningnum var svipað og undanfarin ár eða 92,6%.

Verður nú gerð grein fyrir útflutningi og sölu helztu vöruflokka, en sundurliðun útflutningsins árin 1955—1957 er sýnd á 1. töflu.

Útflutningur á *isfiski* var heldur minni að magni en árið 1956, en verðlagið var mun hagstæðara, þannig að útflutningsverðmætið jókst um 12%. Nettóverð, þ. e. söluverð að frádregnum löndunarkostnaði o. fl., tollum og farmgjaldi, var að meðaltali 1,65 kr. á kg árið 1957, en 1,36 kr. á kg árið 1956.

Freðfiskur var sem fyrr mikilvægasta útflutningsvara Íslendinga árið 1957. Útflutningur hans var svipaður og árið á undan, eins og sjá má á 3. töflu. Hins vegar varð framleiðsla hans nokkru meiri en árið 1956. Áætlaðar birgðir freðfisks minnkuðu úr 5,2 þús. tonnum í ársbyrjun í 3,4 þús. tonn í árslok. Mikilvægasti markaðurinn fyrir freðfisk á árinu var sem fyrr Rússland, sem keypti rúmlega helming útflut-

ingsins eða nokkru meira en árið áður. Útflutningur jókst einnig til Austur-Þýzka-lands, en minnkaði til Bandaríkjana og Tékkóslóvakíu. Eins og sést á 3. töflu, jókst sala freðsildar verulega á árinu, en sala frystra hrogna dróst heldur saman.

Saltfisksútflutningur varð miklu minni á árinu 1957 en árið á undan, eins og sjá má á 4. töflu. Einkum minnkaði útflutningur fullverkaðs saltfisks til Spánar og óverkaðs

1. tafla. Útflutningur 1955—1957 eftir vöruflokkum.

(Verð í þús. kr. og magn í tonnum.)

	1955		1956		1957	
	Magn	Verð	Magn	Verð	Magn	Verð
Saltfiskur þurrkaður	9.773	73.115	8.619	65.008	5.747	41.267
— óverkaður seldur úr skipi	3.281	9.773	1.869	5.816	3.509	11.295
— óverkaður annar	29.111	111.237	31.047	111.395	23.718	87.930
Saltfisksflök	191	769	264	1.072	306	1.454
Þunnildi söltuð	2.235	6.974	2.421	7.688	2.928	9.658
Skreið	6.553	60.458	11.505	103.271	10.155	93.354
Ísfiskur	10.411	10.930	18.348	25.008	16.928	27.974
Freðfiskur	46.375	264.483	57.480	330.236	57.089	325.256
Rækjur og humar fryst	37	1.322	65	2.388	82	2.885
Hrogn hraðfryst	1.206	5.613	1.188	5.794	899	4.555
Fiskur niðursoðinn	156	3.457	154	3.566	145	3.639
Þorskalýsi kaldhreinsað	2.374	11.623	929	4.551	1.960	9.684
— ókaldhreinsað	7.618	27.946	9.959	36.156	5.697	22.072
Matarhrogn söltuð	2.061	7.242	1.914	7.321	2.093	7.982
Beituhrogn söltuð	1.766	4.292	1.539	3.485	1.432	3.284
Síld grófsöltuð	15.328	52.131	21.320	73.514	17.691	59.460
— kryddsöltuð	1.779	7.790	1.756	7.902	2.690	12.032
— sykursöltuð	6.740	29.076	5.265	24.008	5.668	25.442
Síldarflök	—	—	10	65	1	4
Freðsíld	2.768	5.953	4.410	9.926	7.194	15.339
Síldarlýsi	1.619	5.055	5.331	17.088	8.664	26.946
Karfalýsi	3.463	11.262	3.122	10.684	2.594	8.785
Hvallýsi	1.016	3.718	2.750	9.617	3.093	11.027
Fiskimjöl	20.519	51.680	20.278	49.806	24.264	59.667
Síldarmjöl	327	814	1.876	4.763	8.090	20.586
Karfamjöl	5.771	13.833	5.914	14.129	4.940	11.873
Hvalmjöl	374	844	—	—	—	—
Hvalkjöt fryst	1.906	4.911	3.098	9.323	2.734	7.991
Kindakjöt fryst	500	4.378	2.316	17.979	2.346	18.592
Ull	514	14.915	638	18.397	445	13.719
Gærur saltaðar	2.132	24.846	2.397	30.227	1.273	17.942
Garnir saltaðar	24	292	15	197	28	312
— saltaðar og hreinsaðar	14	2.159	18	2.649	13	1.974
Loðskinn	3	762	3	611	5	749
Skinn og húðir, saltað	381	2.384	154	1.163	194	1.278
Fiskroð söltuð	829	683	1.393	1.147	1.260	1.055
Gamlir málmar	4.065	2.998	6.415	4.571	2.969	1.920
Köfnunarefnisáburður	3.862	4.749	4.000	5.467	2.000	2.733
Skip	—	—	297	989	1.579	3.644
Ýmsar vörur	2.791	3.386	2.567	4.539	2.578	11.259
Samtals		847.853		1.031.516		986.618

2. tafla. Útflutningur ísfisks 1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
A.-Þýzkaland . .	1.654	2.583	1.244	1.945
Bretland	2.431	4.289	6.869	12.969
V.-Þýzkaland . .	14.264	18.136	8.815	13.060
Samtals	18.349	25.008	16.928	27.974

3. tafla. Útflutningur freðfisks, freðsildar og frystra hrogna 1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Freðfiskur:				
A.-Þýzkaland	4.131	25.481	4.905	30.384
Bandaríkin . .	14.995	93.327	10.985	69.573
Bretland . . .	801	3.984	1.119	5.328
Danmörk . . .	0	1	16	102
Finnland . . .	39	259	198	1.382
Frakkland . .	775	4.328	637	3.608
Grikkland . .	25	164	—	—
Holland	—	—	396	2.620
Ísrael	773	3.804	760	3.795
Sovétríkin . .	27.995	148.284	31.415	166.691
Svíþjóð	512	2.122	322	2.592
Tékkóslóvakía	7.379	47.204	6.214	38.465
Ungverjaland	200	1.274	100	637
V.-Þýzkaland	29	79	21	79
Samtals	57.654	330.311	57.088	325.256


Freðsild:

A.-Þýzkaland	—	—	1.308	2.443
Finnland . . .	30	60	36	78
Færeyjar . . .	167	474	25	72
Pólland	1.939	4.101	1.500	3.183
Rúmenía . . .	—	—	450	952
Tékkóslóvakía	2.273	5.291	3.875	8.611
Samtals	4.409	9.926	7.194	15.339

Fryst hrogn:

Bretland . . .	1.142	5.464	843	4.141
Frakkland . .	46	328	56	414
Samtals	1.188	5.792	899	4.555

saltfisks til Ítalíu. Útflutningur saltaðra þunnilda jókst hins vegar dálítið, og útflutningur saltaðra hrogna varð svipaður og árið á undan. Saltfisksframleiðslan varð einnig allmiklu minni árið 1957 en árið 1956. Stærsti kaupandi óverkaðs saltfisks var sem fyrr Portúgal, en fullverkaðs saltfisks Brasilía. Verðlag á saltfiski var svipað og árið áður. Áætlaðar birgðir óverkaðs saltfisks lækkuðu úr 2,2 þús. tonnum í ársbyrjun í 0,5 þús. tonn í árslok og verkaðs saltfisks úr 2,3 þús. tonnum í 2,2 þús. tonn. Útflutningur á *harðfiski* dróst nokkuð saman miðað við árið 1956, en var þó



Helstu útflutningsvörur í hlutfallstölum (%) af heildarútflutningi.

4. tafla. Útflutningur á saltfiski, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum 1956-1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Fullverkaður saltfiskur:				
Brasíla	3.917	30.552	3.040	21.997
Brezkar nýl. í Ameríku	—	—	19	94
Danmörk	4	13	—	—
Kúba	1.228	8.361	1.089	6.942
Panama	15	107	6	40
Portúgal	1	4	1	4
Spánn	3.414	25.664	1.505	11.502
Úrúguay	2	19	2	17
Venezúela	39	288	85	671
Samtals	8.620	65.008	5.747	41.267
Óverkaður saltfiskur:				
Bandaríkin	50	208	—	—
Bretland	3.331	9.843	3.045	8.996
Danmörk	2.026	6.359	3.738	11.973
Egyptaland	457	1.709	500	1.809
Frakkland	—	—	14	87
Grikkland	4.415	14.793	4.439	15.839
Ítalía	8.714	31.777	4.704	18.917
Portúgal	13.500	51.199	10.551	41.069
Svíþjóð	110	452	278	1.119
V.-Þýzkaland	425	1.378	264	870
Samtals	33.028	117.718	27.533	100.679
Söltuð þunnildi:				
Ítalía	2.421	7.688	2.918	9.620
V.-Þýzkaland	—	—	10	38
Samtals	2.421	7.688	2.928	9.658
Söltuð hrogn:				
Bandaríkin	25	153	43	281
Danmörk	68	399	53	302
Finnland	6	27	30	137
Frakkland	1.538	3.478	1.432	3.284
Grikkland	90	361	69	302
Noregur	1	2	—	—
Svíþjóð	1.676	6.056	1.873	6.833
Tékkóslóvakía	1	23	—	—
V.-Þýzkaland	49	306	25	127
Samtals	3.454	10.805	3.525	11.266

mun meiri en útflutningurinn árið 1955. Skreiðarframleiðslan árið 1957 varð einnig minni en árið á undan, en hún hefur farið jafnt og þétt minnkandi undanfarin ár. Verð á skreið fór hækkandi árið 1957, enda var samanlögð framleiðsla Íslendinga og

Norðmanna nokkru minni en venjuleg eftirspurn. (Þessi tvö lönd framleiða svo til alla skreið, sem seld er í Evrópu og Afríku.) Á 5. töflu sést skipting skreiðarútflutnings á lönd. Beinn útflutningur til Nígeríu varð nær helmingi meiri árið 1957 en árið áður. Áætlaðar birgðir af skreið lækkuðu úr 6,6 þús. tonnum í ársbyrjun í 0,9 þús. tonn í árslok.

5. tafla. Útflutningur á skreið 1956-1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Bandaríkin	55	585	4	42
Bretland	3.256	28.297	1.080	9.649
Danmörk	27	256	1	11
Finnland	217	2.100	245	2.644
Frakkland	230	2.075	156	1.342
Franskar nýl. í Afríku	350	3.139	49	433
Ghana	—	—	10	89
Holland	1.011	9.224	7	64
Ítalía	1.271	13.294	646	7.062
Libería	1	7	2	17
Nigeria	4.342	37.349	7.742	70.020
Spánn	217	2.167	—	—
Svíþjóð	93	897	51	528
Trieste	1	13	—	—
V.-Þýzkaland	429	3.871	161	1.453
Samtals	11.500	103.274	10.154	93.354

6. tafla. Útflutningur á fiskimjöli 1956-1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Austurríki	30	77	—	—
A.-Þýzkaland	—	—	300	959
Belgía	521	1.239	299	723
Bretland	5.280	12.368	6.087	14.469
Danmörk	1.129	2.741	899	1.995
Finnland	996	2.850	500	1.633
Holland	240	573	543	1.345
Írland	2.044	5.109	885	2.256
Ísrael	—	—	301	699
Kýpur	110	281	101	291
Pólland	1.400	3.930	1.215	3.550
Rúmenía	—	—	20	58
Sviss	201	485	—	—
Svíþjóð	537	1.260	4.003	9.861
Tékkóslóvakía	1.609	4.708	506	1.539
V.-Þýzkaland	6.181	14.186	8.604	20.289
Samtals	20.278	49.807	24.263	59.667

7. tafla. Útflutningur á karfalýsi og karfamjöli 1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Karfalýsi:				
Danmörk . . .	7	16	—	—
Noregur	301	984	—	—
Spánn	231	836	148	597
Tékkóslóvakía	—	—	370	1.481
V.-Þýzkaland	2.582	8.847	2.076	6.707
Samtals	3.121	10.683	2.594	8.785
Karfamjöl:				
A.-Þýzkaland	—	—	550	1.566
Danmörk . . .	3.922	9.015	700	1.508
Finnland . . .	500	1.323	100	266
Holland	—	—	425	948
Írland	65	138	—	—
Ísrael	500	1.302	250	584
Kýpur	—	—	30	72
Pólland	100	284	—	—
Tékkóslóvakía	502	1.304	950	2.529
V.-Þýzkaland	325	751	1.935	4.400
Samtals	5.914	14.117	4.940	11.873

Útflutningur fiskimjöls árið 1957 er sýndur á 6. töflu. Hann jókst um 20% frá árinu á undan, einkum jókst útflutningur til Svíþjóðar. Verðlag var svipað og árið 1956.

Útflutningur á karfalýsi og karfamjöli varð töluvert minni árið 1957 en árið áður, eins og sést á 7. töflu, en verðið var svipað og 1956.

Útflutningur þorskalýsis varð einnig allmiklu minni árið 1957 en árið áður, svo sem sjá má á 8. töflu, en verðið var nokkru hærra.

Útflutningur hvalafurða var svipaður að verðmæti og árið áður, og verðlag var svipað. Hins vegar var minna flutt út af hvalkjöti, en meira af hvallýsi heldur en árið áður, eins og sjá má á 9. töflu. Hvalveiðarnar voru stundaðar á 4 bátum eins og undanfarin ár, og veiddust alls 517 hvalir á móti 440 árið áður. Öll hvalmjölsframleiðslan fór á innanlandsmarkað.

Útflutningur saltsíldar varð nokkru minni árið 1957 en árið áður, eins og sjá má á 10. töflu. Útflutningurinn minnkaði einkum til Svíþjóðar, en jókst hins vegar verulega til Finnlands. Rússland er sem áður stærsti

8. tafla. Útflutningur á þorskalýsi 1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Bandaríkin . . .	1.601	6.324	1.352	5.488
Belgía	7	36	6	32
Bretland	19	86	573	1.904
Brezkar nýl. í Afriku	0	2	5	25
Danmörk	452	1.771	336	1.342
Egyptaland . . .	43	208	70	351
Finnland	421	2.151	945	4.509
Frakkland	3	20	3	20
Holland	3.560	12.515	10	50
Indónesía	10	49	5	25
Írak	—	—	20	104
Ísrael	82	400	40	213
Ítalía	66	262	54	222
Júgóslavía . . .	91	434	167	786
Kýpur	1	4	0	1
Kúba	43	184	62	280
Líbanon	6	27	—	—
Noregur	765	2.480	965	3.799
Pólland	—	—	936	4.813
Púertó Ríkó . . .	6	30	4	19
Spánn	50	192	—	—
Sviss	50	193	—	—
Svíþjóð	112	439	40	164
S.-Afrika	1	4	—	—
Tékkóslóvakía .	170	933	134	723
Tyrkland	6	28	—	—
Ungverjaland . .	12	62	—	—
V.-Þýzkaland . .	3.643	12.769	1.930	6.886
Samtals	11.220	41.603	7.657	31.756

9. tafla. Útflutningur hvalafurða 1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Hvalkjöt:				
Bandaríkin . . .	45	141	—	—
Bretland	3.053	9.182	2.734	7.991
Samtals	3.098	9.323	2.734	7.991
Hvallýsi:				
Holland	898	3.340	184	682
Svíþjóð	—	—	1.780	6.709
V.-Þýzkaland	1.852	6.278	1.129	3.636
Samtals	2.750	9.618	3.093	11.027

kaupandinn. Árið 1957 fór tæplega helmingur útflutningsins þangað. Saltsíldarframleiðslan árið 1957 varð nær helmingi minni en árið áður. Til söltunar fóru aðeins

10. tafla. Útflutningur á saltaðri síld
1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
A.-Þýzkaland . . .	—	—	756	2.076
Bandaríkin . . .	36	143	6	24
Bretland	1	5	—	—
Danmörk	88	327	159	583
Finnland	4.920	24.299	7.454	35.283
Pólland	1.268	4.200	1.000	3.313
Sovétríkin	16.186	54.767	14.074	46.256
Svíþjóð	5.692	21.234	2.601	9.403
Tékkóslóvakía . . .	160	510	—	—
V.-Þýzkaland . . .	0	1	—	—
Samtals	28.351	105.486	26.050	96.938

27 þús. tonn á móti 51 þús. tonni árið áður, enda þótt síldaraflinn yrði 117,5 þús. tonn eða 17,0 þús. tonnum meiri en árið áður. Í árslok 1957 voru óútfluttar um 29 þús. tonn af saltsíld, en á sama tíma árið áður um 100 þús. tonn.

Útflutningur síldarlýsis og síldarmjöls jókst mjög verulega árið 1957 miðað við árið á undan, eins og sjá má á 11. töflu, enda fór rúmlega helmingi meira magn síldar í bræðslu en árið áður eða um 78 þús. tonn á móti 36 þús. tonnum. Aukning síldarmjölsframleiðslunnar varð þó hlutfallslega meiri en síldarlýsisframleiðslunnar, þar sem síldin var horaðri en áður. Í árslok 1957 var óútflutt síldarlýsi um 6,3 þús. tonn og 6,8 þús. tonn af síldarmjöli, en í ársbyrjun 3,7 þús. tonn af síldarlýsi og síldarmjölshirgðir um 3,5 þús. tonn.

Útflutningur landbúnaðarafurða varð allmiklu minni árið 1957 en árið áður. Útflutningur kindakjöts varð þó aðeins meiri og verðið heldur betra en árið 1956.

Á 12. töflu er sýndur útflutningur á söltuðum sauðargærum og ull, en hann varð miklu minni árið 1957 en árið áður, eins og taflan sýnir. Einkum minnkaði útflutningur á gærum til Bandaríkjanna. Verðlag á þessum vörum var hins vegar nokkru hærra en árið áður, einkum á gærum.

Árið 1957 voru seld 2 þús. tonn af köfnunarefnisáburði til Spánar fyrir 2,7 millj. kr., sem er sama verð á tonn og árið áður.

11. tafla. Útflutningur á síldarlýsi og síldarmjöli 1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Síldarlýsi:				
Bretland	—	—	2.644	8.187
Holland	597	1.895	—	—
Noregur	9	18	1.873	5.446
Pólland	142	516	287	1.068
Spánn	237	827	307	1.138
Svíþjóð	—	—	750	2.396
Tékkóslóvakía . . .	—	—	110	337
V.-Þýzkaland	4.346	13.832	2.693	8.374
Samtals	5.331	17.088	8.664	26.946

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Síldarmjöl:				
Bretland	596	1.379	1.801	4.317
Danmörk	—	—	625	1.490
Finnland	526	1.560	600	1.822
Holland	129	246	2.781	6.823
Kýpur	—	—	10	26
Pólland	—	—	285	850
Tékkóslóvakía . . .	—	—	500	1.517
V.-Þýzkaland	625	1.577	1.488	3.741
Samtals	1.876	4.762	8.090	20.586

12. tafla. Útflutningur á söltuðum sauðargærum og ull 1956—1957.

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Saltaðar sauðargærum:				
Bandaríkin	771	9.578	52	643
Bretland	88	1.180	—	—
Danmörk	—	—	2	42
Finnland	591	7.770	383	5.674
Holland	2	21	33	446
Pólland	95	1.230	—	—
Svíþjóð	99	1.703	93	1.832
V.-Þýzkaland	751	8.745	710	9.305
Samtals	2.397	30.227	1.273	17.942

	1956		1957	
	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.	Magn í tonnum	Verðmæti þús. kr.
Ull:				
A.-Þýzkaland	49	2.010	—	—
Bandaríkin	466	13.154	388	12.074
Danmörk	42	1.113	43	1.275
Svíþjóð	—	—	5	142
V.-Þýzkaland	81	2.120	9	228
Samtals	638	18.397	445	13.719

13. tafla. Innfluttar vörur eftir vörudeildum 1953—1957.

Flokkað er samkvæmt vöruflokkun Sameinuðu þjóðanna. Upphæðir eru tilgreindar í þús. kr.

	1953	1954	1955	1956	1957
Kjöt og kjötvörur	180	791	174	229	161
Mjólkurafurðir, egg og hunang	45	104	137	65	81
Fiskur og fiskmeti	—	119	568	2	—
Korn og kornvörur	41.756	37.627	46.958	52.416	49.610
Ávextir og grænmeti	27.295	24.246	32.246	27.959	27.106
Sykur og sykurvörur	17.829	15.325	16.205	20.331	28.461
Kaffi, te, kakaó og kryddvörur	25.617	30.964	28.426	37.026	22.285
Skepnufoður (annað en ómalað korn)	6.378	7.231	9.918	10.232	7.637
Ýmiss konar matvörur o. fl.	1.602	2.130	3.098	3.407	1.525
Drykkjarvörur	3.571	4.942	4.922	6.917	7.404
Tóbak og tóbaksvörur	12.453	11.744	12.588	13.346	15.120
Húðir, skinn og óverkuð loðskinn	1.277	1.240	1.323	1.112	771
Oliufræ, oliuhnetur og oliukjarnar	223	361	43	331	52
Kátsjúk, óunnið, og kátsjúkliki	727	1.617	1.469	2.419	1.820
Trjáviður og korkur	48.015	53.640	54.202	72.084	56.507
Pappirsdeig og pappirsúrgangur	—	—	—	—	—
Spunaefni, óunnin, og úrgangur	3.656	4.828	5.327	5.313	7.248
Náttúrl. áburður og jarðefni, óunnin (að undanskildum kolum, olíu o. fl.)	12.493	13.709	16.235	23.239	17.178
Málmgrýti og málmúrgangur	51	23	38	17	51
Hrávörur úr dýra- og jurtaríkinu o. fl.	4.997	5.062	4.165	5.438	5.416
Eldsneyti, smurningsolíur og skyld efni	179.049	151.516	177.934	209.281	256.550
Dýra-, jurtaolíur (ekki ilmolíur) og feiti	10.437	11.976	12.457	15.041	12.993
Efni og efnasambönd	5.745	6.149	6.343	8.333	7.166
Koltjara og hráefni frá kolum, steinolíu og náttúrlegu gasi	217	204	167	282	283
Sútunar-, litunar- og málunarefni	5.556	6.543	6.557	7.952	7.024
Lyf og lyfjavörur	4.974	8.126	9.429	12.162	11.628
Ilmólur og ilmefni, snyrtivörur, fægi- og hreinsunarefni	6.903	7.103	8.319	10.483	6.392
Tilbúinn áburður	23.619	22.854	10.855	11.291	14.138
Sprengiefni og ýmsar efnavörur	8.815	7.745	9.152	13.102	14.087
Leður, leðurvörur, verkuð loðskinn	2.999	3.331	3.376	2.922	2.670
Kátsjúkuvörur o. fl.	15.059	16.778	16.064	19.465	18.900
Trjá- og korkvörur (nema húsgögn)	22.648	21.819	28.078	46.814	46.541
Pappír, pappi og vörur úr því	26.392	30.835	29.235	37.242	29.074
Garn, álnavara, vefnaðarmunir o. þ. h.	110.104	120.887	117.180	136.961	117.198
Vörur úr ómálmkenndum jarðefnum	39.048	38.774	45.696	53.888	45.307
Silfur, platína, gimsteinar og gullmunir	1.095	740	878	1.063	874
Ódýrir málmar	49.765	56.368	60.285	72.558	68.220
Málmvörur	52.300	55.225	61.441	62.113	53.315
Vélar aðrar en rafmagns	89.253	82.963	96.868	109.117	110.288
Rafmagnsvélar og áhöld	102.758	56.669	58.991	71.176	59.081
Flutningatæki	61.636	108.713	163.227	153.793	138.724
Tilhöggvin hús, hreinlætis-, hitunar- og ljósa-búnaður	7.942	10.457	15.181	16.645	11.257
Húsgögn	1.016	1.635	2.288	3.308	2.058
Munir til ferðalaga, handtöskur o. fl.	613	390	725	1.050	1.206
Fatnaður	29.564	31.096	29.248	37.973	21.691
Skófatnaður	16.881	20.434	15.907	19.639	15.043
Visindaáhöld, mælitæki, ljósmyndavörur og sjóntæki, úr og klukkur	9.420	12.548	14.396	16.299	14.984
Ýmsar unnar vörur o. fl.	19.349	22.798	25.965	36.220	23.317
Þóstpakkar og sýnishorn	16	16	9	8	18
Lifandi dýr, ekki til manneldis	—	2	1	4	6
Samtals	1.111.338	1.130.397	1.264.294	1.468.068	1.358.466

14. tafla. Innflutningur nokkurra vörutegunda 1955—1957.

(Verð er tilgreint í þús. kr. og magn í tonnum, nema annars sé getið.)

	1955		1956		1957	
	Magn	Verð	Magn	Verð	Magn	Verð
Kornvörur, að mestu til manneldis ..	12.444	25.704	14.631	29.939	15.235	29.610
Fóðurvörur	21.814	31.390	24.075	32.702	18.924	27.645
Sykur	6.697	14.286	8.231	17.968	8.764	26.462
Kaffi	1.141	21.845	1.802	31.351	957	17.214
Áburður	9.901	10.912	10.143	11.682	10.910	14.145
Kol	61.333	26.261	42.692	21.091	33.825	17.416
Salt (almennt)	55.992	13.851	76.416	21.161	53.429	14.462
Brennsluóla o. fl.	207.278	86.131	237.145	123.937	247.846	157.564
Benzín	56.677	50.635	52.333	48.259	63.298	55.860
Smurningsolía	3.675	11.431	4.142	13.053	3.875	13.088
Sement	77.062	26.652	89.169	32.734	77.716	26.394
Timbur	1.830	54.061	2.373	72.541	1.883	56.061
Járn og stál	18.359	51.060	21.157	62.452	17.572	57.312
Skip	1.916	24.350	13.865	86.697	2.442	41.237

Innflutningsverzlun.

Innflutningurinn varð um 110 millj. kr. (7,5%) lægri árið 1957 en árið áður.

Skipting innflutningsins á vörudeildir er sýnd á 13. töflu og nánari sundurliðun nokkurra vörutegunda á 14. töflu. Athuga ber, að lækkun sú, sem varð á skipainnflutningi frá árinu áður, stafar af því, að olíuskiptið Hamrafell var keypt árið 1956, og nam verð þess 46,8 millj. kr. eða rúmlega helmingi af verðmæti skipainnflutningsins það ár. Af öðrum mikilvægum vörum var lækkun innflutningsins, miðað við árið 1957, mest á fatnaði eða um 16 millj. kr. (42,8%), kaffi um 14 millj. kr. (45,1%) og timbri um 16,5 millj. kr. (22,7%). Innflutningur á garni, álnavöru, vefnaðarmunum o. þ. h. lækkaði um 20 millj. kr. (14,4%). Innflutningur jókst á fáum vörum, sem neinu nam, nema á brennsluólíum um 34 millj. kr. (27,1%), að mestu vegna farmgjaldahækkana, og á sykri um 8,5 millj. kr. (47,3%) vegna verðhækkana erlendis. Þannig jókst innflutningsmagn brennsluólíu aðeins um 4,5% og sykurs um 6,5%, sbr. 14. töflu.

Viðskipti við einstök lönd.

Litlar breytingar urðu á viðskiptum Íslendinga við einstök lönd og greiðslusvæði á árinu 1957. Aðalbreytingar innflutnings-

ins urðu þær, að hann jókst frá vöruskiptalöndunum, einkum hlutfallslega, en minnkaði nokkuð frá E.P.U.-löndunum og dollarlöndunum, eins og sjá má af 15. töflu og IV. töflu aftast í heftinu. Miðað við einstök lönd varð innflutningsaukningin mest frá Rússlandi eða 37,7 millj. kr., en innflutningur frá Bandaríkjunum dróst mest saman eða um 64,5 millj. kr. Er þetta í samræmi við þróunina á undanförunum árum, og á það einnig við um útflutninginn, sem minnkaði um 37 millj. kr. til Bandaríkjana, en jókst um 10 millj. kr. til Rússlands. Rússland er nú orðið langstærsta viðskiptaland Íslendinga. Að öðru leyti varð skipting útflutnings á greiðslusvæði og lönd svipuð og árið áður.

Hér fer á eftir yfirlit yfir viðskiptasamninga, sem í gildi voru 1957. Miðað er við síðustu framlengingar eða bókanir fyrir ársbyrjun 1957, hafi nýr samningur ekki verið gerður á árinu. Fyrst verður getið samninga við vöruskiptalöndin og síðan samninga við önnur lönd. Þessir vöruskiptasamningar voru í gildi á árinu 1957:

Brasilía: Samningurinn gildir frá 1. júlí 1956 um óákveðinn tíma með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Finland: 1. febrúar 1956 — 31. janúar 1957. (Samningurinn hefur verið framlengdur óbreyttur til 31. janúar 1959.)

15. tafla. Viðskipti við einstök lönd 1953—1957 (í millj. kr.).

E.P.U.- og sterlings- greiðslusvæðið:	Innflutningur cif.					Útflutningur fob.				
	1953	1954	1955	1956	1957	1953	1954	1955	1956	1957
Færeyjar	0,1	0,6	0,0	0,0	0,1	4,9	7,0	0,4	0,5	0,1
Danmörk	79,5	71,0	76,0	86,9	95,0	14,5	26,0	20,8	23,0	22,1
Noregur	23,9	24,2	30,0	33,8	43,3	18,7	41,4	28,8	4,2	11,7
Svíþjóð	28,6	58,2	55,7	50,8	42,9	30,6	17,7	38,4	35,6	46,3
Austurríki	13,0	6,7	2,4	0,9	0,3	1,9	0,8	0,2	0,1	0
Belgia	24,3	25,3	19,5	21,3	18,5	0,6	3,1	1,6	3,0	1,8
Bretland	128,0	129,3	137,6	134,8	158,1	74,2	79,2	70,5	96,3	93,2
Frakkland	19,3	15,5	13,2	11,2	4,5	11,3	11,8	15,4	14,6	9,1
Grikkland	0,1	0,7	1,8	1,8	1,1	15,3	9,6	13,6	15,3	16,2
Holland	34,7	34,8	56,8	64,6	46,5	14,0	35,1	19,1	29,0	13,6
Írland	2,8	0,5	0,8	0,2	0,1	8,1	8,5	6,4	5,3	2,3
Italia	12,4	23,5	20,1	28,0	33,3	30,7	60,0	65,3	53,0	35,8
Portúgal	0,4	0,2	0,3	0,5	0,4	35,0	22,5	32,8	51,2	41,1
Sviss	7,0	4,5	4,9	8,6	10,3	1,0	2,7	2,1	0,7	0
Vestur-Þýzkaland ...	68,5	92,7	127,7	142,0	104,1	50,1	55,0	38,8	96,1	86,5
Hollenzkar nýlendur í Ameríku	115,1	18,5	18,6	19,4	15,1	—	0,0	—	—	—
Brezkar nýlendur í Afriku	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	16,3	12,8	11,7	37,4	70,1
Önnur E.P.U.-lönd ...	1,0	2,9	4,2	53,1	4,6	4,0	7,8	5,9	6,1	7,9
E.P.U.-lönd samtals	558,8	509,3	569,7	658,0	578,3	331,2	401,0	371,9	471,2	457,8
<i>Dóllarasvæðið:</i>										
Bandaríkin	294,9	228,8	287,7	246,6	182,1	108,2	144,1	98,8	127,6	90,7
Filippseyjar	1,9	1,6	2,0	2,4	2,9	0,2	0,0	—	—	—
Kanada	10,8	3,8	3,3	3,9	3,2	0,1	0,0	0,0	0,1	0,6
Kúba	8,4	6,9	2,3	12,3	14,8	8,1	6,1	5,2	8,5	7,2
Önnur dollarlönd ...	8,2	—	—	0,1	—	0,0	—	—	0,3	0,8
Dóllarasvæðið samt.	324,2	241,1	295,3	265,3	203,0	116,6	150,2	104,0	136,5	99,3
<i>Vöruskiptalönd:</i>										
Finnland	55,7	83,7	42,7	58,5	63,4	53,9	27,1	60,6	47,2	55,7
Pólland	27,4	20,6	28,3	25,3	33,9	11,9	18,3	21,6	14,3	16,8
Rússland	25,9	131,9	172,7	240,8	278,5	89,3	128,2	156,5	203,0	212,9
Spánn	43,7	48,3	35,8	43,0	30,2	26,0	22,2	28,9	31,1	16,1
Tékkóslóvakia	24,3	30,9	51,9	78,3	75,1	12,5	45,3	36,8	60,2	56,7
Ungverjaland	2,1	0,8	1,3	2,6	3,1	0,2	2,1	0,8	1,3	1,1
Austur-Þýzkaland ...	14,9	22,3	26,8	39,8	61,4	26,6	16,5	19,8	30,1	41,9
Brasilía	22,9	28,4	26,2	41,1	23,6	25,1	26,9	38,8	30,6	22,0
Ísrael	9,0	12,1	12,6	14,2	5,8	11,3	8,1	8,2	5,5	5,3
Önnur vöruskiptalönd	2,4	1,0	1,0	1,2	2,1	1,7	—	—	0,0	1,0
Vöruskiptalönd samt.	228,3	380,0	399,3	544,8	577,1	258,5	294,7	372,0	423,3	429,5
Samtals	1.111,3	1.130,4	1.264,3	1.468,1	1.358,4	706,3	845,9	847,9	1.031,0	986,6

Ísrael: 18. maí 1956 — 18. maí 1958.
(Samningurinn hefur verið framlengdur
óbreyttur til 18. maí 1959.)

Pólland: 1. marz 1956 — 28. febrúar
1958. (Nýr samningur hefur verið gerður,

sem gildir fyrir tímabilið frá 1. marz 1958
— 28. febrúar 1959.)

Rúmenía: 1. janúar 1957 — 31. desember
1957. (Samningurinn hefur verið fram-
lengdur óbreyttur til 31. desember 1958.)

Rússland: 1. janúar 1957 — 31. desember 1959.

Spánn: 1. janúar 1957 — 10. janúar 1958. (Samningurinn hefur verið framlengdur óbreyttur til 31. desember 1958.)

Tékkóslóvakía: 1. september 1956 — 31. ágúst 1957. (Nýr samningur hefur verið gerður, sem gildir fyrir tímabilið frá 1. september 1957 — 31. ágúst 1960.)


Ungverjaland: 1. janúar 1957 — 31. desember 1957. (Samningurinn hefur verið framlengdur óbreyttur til 31. desember 1958.)

A.-Þýzkaland: 1. janúar 1957 — 31. desember 1957. (Samningurinn hefur verið framlengdur óbreyttur til 31. desember 1958.)

Nánari upplýsingar um samningana er að finna í fréttapáttum í Fjármálatíðindum.

Eins og á undanförunum árum var langmikilvægasti viðskiptasamningur Íslendinga samningurinn við Rússa. Samkvæmt honum keyptu Rússar 21,6% af útflutningi Íslendinga, en 19,7% árið áður. Enn meiri aukning varð þó á innflutningi frá Rússlandi, sem jókst úr 16,4% innflutningsins árið 1956 í 20,5% árið 1957. Þaðan voru einkum fluttar inn brennsluolur, benzín, sement, timbur, bifreiðir og ýmiss konar járn- og stálvörur.

Viðskipti við Tékkóslóvakíu voru hlutfallslega svipuð og árið áður, og hún hélt sæti sínu sem annað mikilvægasta vöruskiptalandið. Þangað voru seld rúm 6 þús. tonn af freðfiski, freðsild, karfamjöl, fiskimjöl o. fl., en í staðinn var keypt vefnaðarvara, skófatnaður, vélar, bifreiðir, ýmiss konar járn- og stálvörur o. fl.



Þriðja mikilvægasta vöruskiptalandið er Finnland. Viðskipti við það land jukust allmikið á árinu, og urðu þau nær því eins mikil og viðskiptin við Tékkóslóvakíu. Þangað voru seld rúm 7 þús. tonn af saltsíld, þorskalýsi, mjöl, saltaðar gærur o. fl., en keypt í staðinn timbur og trjávörur, pappírsvörur o. fl.

Viðskipti við Spán urðu mun minni en árið áður. Spánverjar keyptu fullverkaðan saltfisk, köfnunarefnisáburð o. fl., en létu í staðinn ávexti, drykkjarvörur, salt, skófatnað o. fl.

Viðskipti við Brasilíu drógust einnig mikið saman miðað við árið á undan. Þangað var eingöngu fluttur fullverkaður saltfiskur, en Íslendingar keyptu þaðan aðallega kaffi og sykur. Innflutningur frá Brasilíu minnkaði miklu meira en útflutningur þangað, þannig að viðskiptajöfnuður gagnvart Brasilíu varð miklu hagstæðari en árið áður.

Viðskipti við Pólland urðu nokkru meiri en árið áður, en þangað var einkum selt þorskalýsi, söltuð og fryst síld og fiskimjöl og keypt í staðinn kol, vefnaðarvörur, járnvörur, vélar o. fl.

Innflutningur frá Ísrael dróst mjög saman, en útflutningur þangað varð svipaður og árið áður. Þangað var einkum seldur freðfiskur, en aðallega keypt þaðan vefnaðarvara og fatnaður.

Af öðrum viðskiptasamningum en hinum opinberu er vöruskiptasamningurinn við A.-Þýzkaland langmikilvægastur. Viðskipti við það land hafa farið stöðugt vaxandi undanfarin ár, og jukust þau verulega á árinu 1957. Þangað var einkum fluttur freðfiskur, en einnig ísfiskur, söltuð og fryst síld o. fl., en keyptar þaðan vefnaðarvörur, bílar, glervörur, vélar o. fl.

Viðskiptasamningar við önnur lönd, sem hafa að miklu leyti frjálsan gjaldeyri, eru miklu þýðingarminni en samningarnir við vöruskiptalöndin. Greiðslubandalag Evrópu (E.P.U.) hefur auðveldað mjög viðskipti milli landa Vestur-Evrópu og dregið úr þörfinni fyrir tvíhliða viðskiptasamninga. Samningar við þessi lönd hafa einkum verið gerðir til þess að tryggja innflutnings-

leyfi á þeim afurðum Íslendinga, sem eru háðar slíkum leyfisveitingum í öðrum löndum, en sumir samningarnir eru hrein formsatriði. Eftirtaldir viðskiptasamningar við önnur lönd en vöruskiptalöndin voru í gildi á árinu 1957:

Danmörk: 15. marz 1956 — 14. marz 1958. (Samningurinn hefur verið framlengdur óbreyttur að mestu um eitt ár.)

Frakkland: 1. apríl 1956 — 31. marz 1958. (Samningurinn hefur verið framlengdur óbreyttur um eitt ár.)

Ítalía: 1. nóvember 1956 — 31. október 1958.

Svíþjóð: 1. apríl 1956 — 31. marz 1958. (Viðskiptasamkomulagið hefur verið framlengt óbreytt um eitt ár.)

V.-Þýzkaland: 1. júlí 1956 — 30. júní 1958.

Kúba: 18. október 1955 — 3. október 1958.

Auk þess voru í gildi eldri samningar við Austurríki og Írland.

Í fréttabáttum Fjármálatíðinda er að finna nánari upplýsingar um gerða viðskiptasamninga.

Gjaldeyrisverzlunin.

Eins og getið hefur verið fyrr í þessari grein, var verzlunarjöfnuðurinn árið 1957 óhagstæður um 375,3 millj. kr. Gjalddeyrisverzlun bankanna varð þó ekki óhagstæð nema um 15,1 millj. kr., svo sem fram kemur í yfirliti yfir gjaldeyrisviðskiptin í 16. töflu. Tölurnar eru endurskoðaðar og lítið eitt breyttar frá því, sem þær voru birtar á 39. bls. í síðasta hefti Fjármálatíðinda. Af innkomnum gjaldeyri voru 1.068,7 millj. kr. andvirði útflutnings, en 196,7 millj. kr. voru duldar gjaldeyristekjur. Síðari liðurinn, sem einkum er gjaldeyristekjur af Keflavíkurflugvelli, lækkaði vegna minni framkvæmda þar um 83,7 millj. kr. frá árinu 1956. Þau erlend lán, endurgreiðslur o. fl., sem yfirfærð hafa verið á vegum bankanna, eru talin með innkomnum gjaldeyri, og er þessi liður 86,1 millj. kr. nettó. Að langmestum hluta er hér um að ræða lán, sem tekið var í árslokin hjá Export-Import Bank í Washington, en ekki kom til

notkunar fyrr en á þessu ári. Lánið er að upphæð 81,3 millj. kr., en það var tekið inn á reikninga Seðlabankans sem óinnkomin krafa á útlönd. Aðrar óinnkomnar innheimtur námu í árslok 19,1 millj. kr. Á móti innkomnum gjaldeyri kemur svo andvirði innflutnings, sem var 1.121,5 millj. kr. á árinu, og duldar greiðslur, sem voru að upphæð 294,1 millj. kr.

Allmiklu munar á andvirði útflutnings, eins og hann er talinn á 16. töflu, og á verzlunarskýrslum, sjá 15. töflu. Munurinn liggur í fyrsta lagi í verðmætishækkun

16. tafla. Yfirlit yfir gjaldeyrisviðskipti bankanna árið 1957 (í millj. kr.).

Innkomið:	
Keyptur gjaldeyri:	
a. Andvirði útflutnings	1.068,7
b. Duldar tekjur	196,7
c. Lán, endurgreiðslur o. fl. ..	86,1
	1.351,5
Lækkuð gjaldeyris eign (nettó)	15,1
	Samtals 1.366,6
Útlátið:	
Seldur gjaldeyri:	
a. Andvirði innflutnings	1.093,5
b. Duldar greiðslur	273,1
	Samtals 1.366,6

vegna farmgjaldanna, sem kemur fram í gjaldeyrisuppgjöri, en ekki í verzlunarskýrslum, þar sem útflutningur er talinn fob. Þó er ísfisksútflutningur talinn hærri í verzlunarskýrslum, þar sem aðeins hluta andvirðisins er skilað til bankanna, en hitt fer til greiðslu á kostnaði erlendis. Loks veldur það oft miklum mun, að greiðslur koma inn á öðru ári en afskipun fer fram. Andvirði innflutningsins verður einnig allt annað og lægra í 16. töflu en í verzlunarskýrslum. Aðalmismunurinn liggur í verðmæti farmgjaldanna, sem kemur fram í verzlunarskýrslunum, þar sem innflutningur er talinn cif., en ekki í gjaldeyrisuppgjörinu. Auk þess fara greiðslur fyrir nokkurn hluta innflutningsins ekki fram gegnum bankana,

einkum þann hluta, sem byggist á lántökum erlendis og greiðist því ekki fyrr en síðar.

Heildarskýrslum um greiðslujöfnuðinn 1957 er ekki lokið, en frá þeim verður væntanlega sagt í næsta hefti Fjármálatíðinda. Mun greiðsluhalli hafa orðið allmiklu meiri en árið áður.

Sundurliðun kaups og sölu erlends gjaldeyris eftir mánuðum og gjaldeyristegundum sést á 17. töflu. Til dollaragjaldeyris telst gjaldmiðill Kanada og Bandaríkjanna. E.P.U.-gjaldeyri er gjaldeyri allra landa í Greiðslubandalagi Evrópu, sem skráður er hér, en þessi lönd eru Bretland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Holland, Belgía, Frakkland, Ítalía, Sviss og V.-Þýzkaland. Undir vöruskiptagjaldeyri fellur gjaldmiðill Finnlands, Rússlands, Póllands, Ungverjalands, Tékkóslóvakíu, A.-Þýzkalands, Spánar, Ísraels og Brasilíu.

Eins og sést á 17. töflu, voru kaup á dollaragjaldeyri umfram sölu á árinu tæpar 35 millj. kr. Í vöruskiptagjaldeyri varð staðan einnig hagstæð um rúmar 57 millj. kr. Viðskiptin í E.P.U.-gjaldeyri urðu hins vegar mjög óhagstæð, og varð sala umfram kaup tæpar 173 millj. kr. Til þess að greiða greiðsluhalla við Evrópulöndin varð því að yfirfæra allmikið fé úr dollurum í E.P.U.-gjaldeyri. Þannig minnkaði dollaraeignin verulega á árinu þrátt fyrir nokkur umframkaup. Eftirfarandi tölur sýna gjaldeyrisstöðuna í árslok í millj. kr. sl. þrjú ár:

	1955	1956	1957
Eign í E.P.U.-gjaldeyri ...	+98,7	+88,5	+135,7
Eign í \$-gjaldeyri	101,7	114,8	49,7
Eign í vöruskiptagjaldeyri	1,4	+35,4	+19,5
	4,3	+9,1	+105,5

Samkvæmt þessum tölum versnaði staðan í E.P.U.-gjaldeyri á árinu um 47,2 millj. kr. og í dollaragjaldeyri um 65,1 millj. kr. Skuld í vöruskiptagjaldeyri lækkaði hins vegar um 15,9 millj. kr.

Í tölunum hér að ofan eru erlendar óinnkomnar innheimtur ekki taldar með, en til þeirra telst m. a. dollaralánið, sem tekið var í desember og áður var getið. Ábyrgðir og aðrar greiðsluskuldbindingar eru ekki heldur teknar með í stöðunni. Sé tillit tekið

17. tafla. Kaup og sala bankanna á erlendum gjaldeyri
mánaðarlega 1955--1957 og skipting á gjaldeyristegundir.

	Keyptur gjaldeyri			Seldur gjaldeyri		
	1955 1000 kr.	1956 1000 kr.	1957 1000 kr.	1955 1000 kr.	1956 1000 kr.	1957 1000 kr.
Janúar	71.707	68.567	122.024	89.892	99.434	93.693
Febrúar	64.929	71.394	104.419	91.772	93.106	118.024
Marz	128.807	99.104	91.119	112.211	89.112	110.789
Apríl	59.579	130.118	105.734	92.462	129.270	101.624
Maí	76.540	131.577	140.198	110.266	107.782	114.461
Júní	115.541	115.018	81.473	158.416	122.076	104.498
Júlí	112.349	113.073	71.017	121.895	126.068	137.293
Ágúst	97.851	107.060	109.713	117.287	153.332	85.807
September	102.887	116.951	81.422	107.920	104.497	120.725
Október	104.219	123.476	113.481	97.576	152.954	125.414
Nóvember	127.400	114.016	123.378	118.231	116.589	121.793
Desember	150.203	147.736	127.512	119.898	121.373	132.476
Samtals	1.212.012	1.338.090	1.271.490	1.337.826	1.415.593	1.366.597
\$-gjaldeyri	379.933	364.261	286.383	281.345	255.575	251.775
E.P.U.-gjaldeyri	411.422	508.090	471.823	683.236	730.935	644.481
Vöruskiptagjaldeyri .	420.657	465.739	513.284	373.245	429.083	470.341
Samtals	1.212.012	1.338.090	1.271.490	1.337.826	1.415.593	1.366.597

til þessara liða, var gjaldeyrisstaðan sem hér segir í millj. kr.:

	1955	1956	1957
Gjaldeyrisseign að með- töldum erlendum inn- heimtum	4,3	20,7	÷5,2
Frá dragast:			
Ábyrgðir	77,0	105,8	148,0
Gjaldeyrisloforð	45,9	52,5	63,9

Gjaldeyrisstaða (nettó) ÷118,6 ÷137,6 ÷217,1

Þannig hefur gjaldeyrisstaðan versnað á árinu um 79,5 millj. kr. Gjaldyrisafkoman í heild var þó lakari en hér kemur fram, ef tekið er tillit til þess, að birgðir útflutningsafurða í landinu minnkuðu á árinu. Auk þess voru tekin mikil erlend lán, eins og síðar er frá skýrt.

Á 16. töflu sést heildarupphæð dulinna gjaldeyristekna, en hún nam árið 1957 196,7 millj. kr. Þessi upphæð er sundurliðuð frekar í 18. töflu.

Erlend lán.

Erlendar lántökur á árinu 1957 námu alls 215,8 millj. kr., og er þá átt við þau lán, sem talin eru innkomin á árinu. Af þessari upphæð eru 129,0 millj. kr. fyrir utan gjald-

18. tafla. Gjaldyriskaup bankanna fyrir
annað en útfluttar vörur 1955-1957.

(Í millj. kr.)

	1955	1956	1957
Umboðslaun	7,4	7,1	6,9
Skipagjöld	12,1	7,0	10,4
Tryggingabætur og björg- unarlaun	7,4	1,9	8,7
Tekjur innlendra flugfélaga	1,0	1,6	1,1
Flugþjónusta	8,5	10,1	16,8
Erlend flugfélög og Kefla- vikurviðskipti	34,1	45,5	26,0
Sendiráð	7,1	13,3	8,8
Ferðamenn	2,2	2,1	4,9
Varnarliðið og verktakar þess	220,1	189,8	110,2
Ýmislegt	3,2	2,0	2,9
Samtals	303,1	280,4	196,7

19. tafla. Hreyfing fastra erlendra lána 1957.


(Í þús. isl. kr.)

	Lántökur, innkomid á árinu			Vaxtagreiðsla á árinu			Afborgun á árinu		
	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Sam- tals	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Sam- tals	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Sam- tals
Lán í dönskum krónum ..	1.130	7.573	8.703	798	1.019	1.817	781	3.654	4.435
Lán í sterlingspundum ..	1.270	24.884	26.154	4.698	1.790	6.488	5.178	3.435	8.613
Lán í norskum krónum ..	—	—	—	75	—	75	823	—	823
Lán í sænskum krónum ..	4.623	3.747	8.370	586	471	1.057	1.566	2.436	4.002
Lán í frönskum frönkum .	—	—	—	514	—	514	263	—	263
Lán í belgískum frönkum	—	—	—	230	—	230	322	—	322
Lán í hollenzkum flórinum	—	—	—	149	—	149	—	—	—
Lán í v.-þýzkum mörkum	31.050	—	31.050	1.216	—	1.216	9.252	—	9.252
Lán í svissn. frönkum ...	10.096	—	10.096	473	—	473	1.865	—	1.865
Lán í dollurum	101.128	12.723	113.851	2.318	2.780	5.098	2.597	14.135	16.732
Lán í tékkneskum krónum	17.572	—	17.572	—	—	—	75	—	75
Samtals	166.869	48.927	215.796	11.057	6.060	17.117	22.722	23.660	46.382

eyrisverzlun bankanna og því ekki taldar me innkomnum gjaldeyri á 16. töflu.

Innkominn lán og skipting þeirra á gjald-eyristegundir ásamt vaxtagreislum og af-

borgunum eru sýnd á 19. töflu. Af innkomnum lánum voru 61,2 millj. kr., sem samið hafði verið um fyrir ársbyrjun 1957. Af hálfu Framkvæmdabankans var samið um þrjú stór lán í Bandaríkjunum. Tvö af þessum lánum eru tekin vegna virkjunar Efra-Sogs. Annað lánið er að upphæð 5 millj. dollara og er greitt lántakanda að nokkru leyti í dollurum og að nokkru leyti í Evrópu-gjaldeyri. Lánstími er 20 ár, en lánið er afborgunarlaust fyrstu þrjú árin. Endurgreiðsla á dollarahluta lánsins verður í dollurum og vextir 3%, en þann hluta, sem veittur er í Evrópugjaldeyri, má endurgreiða hvort sem er í dollurum eða íslenskum krónum. Vextir verða 3%, ef greitt er í dollurum, en annars 4%. Af þessu láni var búið að nota í árslok 1957 239 þús. dollara. Hitt lánið vegna Sogsvirkjunarinnar er að upphæð 2.228 þús. dollarar. Er það andvirði landbúnaðarafurða, sem keyptar eru í Bandaríkjunum, og er notað til greiðslu innlends kostnaðar við virkjun Efra-Sogs. Lánstími er 20 ár og lánið afborgunarlaust fyrstu 4 árin og vaxtalaust fyrstu 3 árin. Endurgreiða má lánið hvort heldur sem er í dollurum eða íslenskum krónum. Sé endurgreiðslan í dollurum, verða vextir 3%, annars 4%. Lánið er gengistryggt, sé það endur-



20. tafla. Fastar erlendar skuldir í árslok 1956 og 1957.

(Í þús. isl. kr.)

	Skuld í árslok 1956			Skuld í árslok 1957		
	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Sam- tals	Opinb. aðilar	Einka- aðilar	Sam- tals
Lán í dönskum krónum	17.201	9.679	26.880	17.550	13.598	31.148
Lán í sterlingspundum	103.932	20.460	124.392	100.024	41.908	141.932
Lán í norskum krónum	2.054	—	2.054	1.231	—	1.231
Lán í sænskum krónum	9.776	8.279	18.055	12.833	9.591	22.424
Lán í frönskum frönkum	11.491	—	11.491	11.228	—	11.228
Lán í belgiskum frönkum	4.810	—	4.810	4.487	—	4.487
Lán í hollenzkum flórinum	2.976	—	2.976	2.976	—	2.976
Lán í v.-þýzkum mörkum	15.677	—	15.677	37.475	—	37.475
Lán í svissneskum frönkum	3.850	—	3.850	12.080	—	12.080
Lán í dollurum	173.868	61.145	235.013	272.399	59.732	332.131
Lán í tékkneskum krónum	—	—	—	17.497	—	17.497
Samtals	345.633	99.563	445.196	489.780	124.829	614.609

greitt í íslenskum krónum. Í árslok var búið að nota af því 120 þús. dollara. Þriðja lánið, sem samið var um í Bandaríkjunum, var tekið síðast á árinu 1957 og er að upphæð 5 millj. dollara. Lánið er allt talið innkomið á árinu. Það endurgreiðist á 20 árum, en er afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Vextir eru 4%. Þá tóku Rafmagnsveitur ríkisins lán að upphæð 296 þús. dollara hjá National City Bank vegna kaupa á gufubor. Lánið endurgreiðist á 5 árum og er með 4¾% vöxtum. Lánið er allt talið innkomið á árinu.

Framkvæmdabankinn tók lán í þýzkum mörkum hjá Habag G.m.b.H., Düsseldorf, að upphæð 6.225 þús. þýzk mörk. 4.500 þús. mörkum af þessari upphæð á að verja til kaupa á fiskflökunarvélum, en notuð höfðu verið í árslok 1.485 þús. mörk. Þessi hluti lánsins endurgreiðist á 5 árum, og eru vextir jafnháir forvöxtum þýzka þjóðbankans, sem nú eru 3½%. Hinn hluti lánsins, að upphæð 1.725 þús. mörk, er tekinn vegna hafnargerðar á Akranesi. Lánið endurgreiðist á 5 árum, en vextir eru jafnan ½% hærri en forvextir þýzka þjóðbankans. Þessi hluti lánsins hafði allur verið notaður í árslok. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar tók á árinu lán hjá Habag vegna kaupa á útgerðarvörum að upphæð 350 þús. mörk.

Bæjarútgerð Reykjavíkur samdi um lán að upphæð 1,3 millj. marka hjá skipasmiðastöðinni Wesser Werk í Vestur-Þýzkalandi vegna togarakaupa. Lánið er til 4 ára með 1½% hærri vöxtum en forvextir þýzka þjóðbankans eru á hverjum tíma. Ekkert er talið notað af þessu láni í árslok 1957. Á vegum Strætisvagna Reykjavíkur var samið um lán til þriggja ára vegna kaupa á strætisvögnum, og er lánið 91 þús. mörk. Á sama hátt var samið um lán að upphæð 47 þús. mörk vegna Strætisvagna Kópavogs til jafnlangs tíma.

Póst- og símamálastjórnin samdi um þrjú lán á árinu vegna framkvæmda á vegum Landssímans. Stærst þeirra er lán að upphæð 1,5 millj. sænskra króna, sem tekið er hjá L. M. Ericsson. Þá er lán hjá Marconi að upphæð 30 þús. sterlingspund. Hjá Philipsverksmiðjunum í Hollandi var samið um lán að upphæð 113 þús. h. fl. Af láni hjá Marconi komu inn 28 þús. sterlingspund á árinu 1957, en annað lánsfé var ónotað í árslok.

Að lokum sömdu Rafmagnsveitur ríkisins um lán að upphæð 1,5 millj. danskra krónur. Lánveitandi er Nordisk Kabel & Trådfabrikker. Lánið er með 4¾% vöxtum og endurgreiðist á 6 árum. Inn komu á árinu 260 þús. d. kr.

Nýjar lántökur einkaaðila, sem vitað er, að samið hafi verið um á árinu 1957, námu samtals 85,4 millj. kr. Af þessari upphæð voru notaðar 46 millj. kr., en auk þess komu inn 2,9 millj. kr. af áður umsömdu láni. Stærstu lánin voru tekin á vegum Flugfélags Íslands og Eimskipafélags Íslands.

Á 20. töflu er yfirlit yfir fastar erlendar skuldir í árslok 1956 og 1957, flokkað á gjaldeyrstegundir og lántakendur, eftir því hvort þeir eru opinberir aðilar eða einkaaðilar. Lán opinberra aðila í árslok 1956 eru 13,6 millj. kr. hærrí en þau voru talin á 69. bls. Fjármálatíðinda 1957. Er hér um að ræða nokkur lán, sem Póst- og símamála-

21. tafla. Yfirlit yfir gjaldeyrissölu og opnun ábyrgða vegna innflutnings árin 1955—1957.

	Í milljónum króna			Hlutfallstöður		
	1955	1956	1957	1955	1956	1957
Gegn leyf- um . . .	408,6	367,8	401,0	35,8	31,0	33,7
Frilisti .	579,1	626,9	790,4	50,7	52,9	66,3
Bátalisti	154,5	190,5	—	13,5	16,1	—
Samtals	1.142,2	1.185,2	1.191,4	100,0	100,0	100,0

stjórnin hafði tekið á árunum 1954—1956, en ekki hefur verið litið á sem föst lán fyrr en nú. Lán einkaaðila 1956 eru hins vegar

22. tafla. Útgefin A-skirteini til útflytjenda bátaafurða 1951—1957 í millj. kr.

Vegna framleiðslu ársins:	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957	Sam- tals
<i>1951</i>								
Frjáls gjaldeyrir	52,4	34,9	1,8	0,5	0,3	—	—	89,9
Vöruskiptagjaldeyrir	13,9	4,2	—	—	—	—	—	18,1
Samtals	66,3	39,1	1,8	0,5	0,3	—	—	108,0
<i>1952</i>								
Frjáls gjaldeyrir	—	48,5	54,5	8,3	0,4	0,1	0,1	111,9
Vöruskiptagjaldeyrir	—	14,7	21,7	0,6	—	—	—	37,0
Samtals	—	63,2	76,2	8,9	0,4	0,1	0,1	148,9
<i>1953</i>								
Frjáls gjaldeyrir	—	—	63,2	56,7	6,8	0,3	0,1	127,1
Vöruskiptagjaldeyrir	—	—	10,7	10,8	0,2	0,1	—	21,8
Samtals	—	—	73,9	67,5	7,0	0,4	0,1	148,9
<i>1954</i>								
Frjáls gjaldeyrir	—	—	—	84,5	64,7	8,5	1,3	159,0
Vöruskiptagjaldeyrir	—	—	—	23,6	22,5	0,6	—	46,7
Samtals	—	—	—	108,1	87,2	9,1	1,3	205,7
<i>1955</i>								
Frjáls gjaldeyrir	—	—	—	—	57,3	83,0	13,2	153,5
Vöruskiptagjaldeyrir	—	—	—	—	17,3	15,6	0,7	33,6
Samtals	—	—	—	—	74,6	98,6	13,9	187,1
<i>1956</i>								
Frjáls gjaldeyrir	—	—	—	—	—	70,9	63,8	134,7
Vöruskiptagjaldeyrir	—	—	—	—	—	16,0	16,3	32,3
Samtals	—	—	—	—	—	86,9	80,1	167,0
<i>1951—1956</i>								
Frjáls gjaldeyrir	52,4	83,4	119,5	150,0	129,5	162,8	78,5	776,1
Vöruskiptagjaldeyrir	13,9	18,9	32,4	35,0	40,0	32,3	17,0	189,5
Samtals	66,3	102,3	151,9	185,0	169,5	195,1	95,5	965,6

nokkru lægri nú en tilgreint var í fyrrgreindu hefti Fjármálatíðinda. Lækkunin er vegna leiðréttinga, sem gerðar hafa verið í samræmi við fullkomnari upplýsingar.

Til skuldar á 20. töflu er aðeins talinn sá hluti lánanna, sem notaður hafði verið í lok hvors ársins um sig. Í árslok 1956 voru ónotaðar 98,6 millj. kr. af erlendum lánum, sem þá hafði verið samið um. Í árslok 1957 var samsvarandi upphæð 214,1 millj. kr. Heildarskuldbindingar í föstum erlendum lánum voru því, að óinnkomnu lánsfé meðtöldu, 543,8 millj. kr. í árslok 1956 og 828,7 millj. kr. í árslok 1957.

Skipulag gjaldeyris- og innflutningsmála.

Engar verulegar breytingar urðu á fyrirkomulagi gjaldeyris- og innflutningsmála á árinu 1957. Nýr frílisti var gefinn út í febrúarmánuði, en á hann voru teknar flestar þær vörur, sem áður voru á hinum skilorðsbundna frílista (bátalistanum), og ýmsar breytingar gerðar á almenna frílistanum. Einnig var bætt á listann nokkrum vörutegundum, sem áður voru háðar leyfum. Eins og áður er listinn tvískiptur, annars vegar vörur, sem innflutningur er frjálfs á frá öllum löndum, en hins vegar vörur, sem bundnar eru við kaup frá vöruskiptalöndunum. Veiting gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir þeim vörum, sem háðar eru leyfum, var sem fyrr í höndum Innflutningsskrifstofunnar.

Millibankanefndin starfaði áfram sem óformleg samvinnunefnd bankanna um gjaldeyrisafgreiðslur. Var starf hennar m. a. falið í því að beina kaupum á frílistavörum til þeirra landa, sem heppilegast er gjaldeyrislega að verzla við. Vegna vaxandi gjaldeyrissskorts þurfti einnig að takmarka yfirfærslur verulega, einkum siðara hluta ársins.

Á 21. töflu er innflutningnum skipt eftir listum. Árið 1957 voru um það bil $\frac{2}{3}$ hlutar af innflutningnum á frílista eða svipað hlutfall og á frílista og bátalista áður. Þriðjungur innflutningsins var gegn leyfum, en

alls voru gefin út gjaldeyris- og innflutningsleyfi (A-leyfi) sem hér segir í millj. kr.:

	1955	1956	1957
Ný leyfi	464,0	470,0	411,2
Framlengd leyfi	98,0	112,0	104,8
	562,0	582,0	516,0

Enda þótt bátagjaldeyriskerfið væri lagt niður í árslok 1956, var haldið áfram útgáfu A-skirteina, en Útflutningssjóður kaupir öll B-skirteini, sem árituð eru á grundvelli þeirra. Á 22. töflu er útgáfa A-skirteina sýnd frá upphafi.

Árið 1957 voru gefin út gjaldeyrisleyfi fyrir öðru en innflutningi að upphæð 280,2 millj. kr. Þar af voru framlengd leyfi 19,7 millj. kr. Gjaldreyrissala og ábyrgðir vegna leyfa fyrir öðru en innflutningi nam á árinu 242,0 millj. kr., eins og sést á 23. töflu. Bankarnir yfirfærðu auk þess gjaldeyri án leyfa fyrir opinbera aðila og erlend sendiráð, og námu þær yfirfærslur alls 48,5 millj. kr. á árinu 1957. Þar af voru 12,8 millj. kr. fyrir stjórnarráðið og 21,5 millj. kr. fyrir Framkvæmdabankann. Í yfirfærslu stjórnarráðsins er innifalinn kostnaður við utanríkisþjónustuna og önnur útgjöld ríkissjóðs erlendis.

23. tafla. Gjaldreyrissala og ábyrgðir vegna leyfa fyrir öðru en innflutningi (E-leyfi) 1955—1957 í millj. kr.

	1955	1956	1957
Námskostnaður	12,6	14,1	15,0
Ferða- og dvalarkostnaður .	11,6	12,3	15,4
Sjúkrakostnaður	3,2	4,4	4,5
Vinnulaun	11,2	19,9	22,9
Eignayfirfærsla	1,2	1,2	0,9
Skuldagreiðslur		7,8	8,7
Afborganir af skipum og flugvélum	18,6	16,9	11,7
Skipagjöld, skipaleiga o. fl. .	112,2	139,8	133,3
Tryggingar	13,2	15,9	15,2
Skipaviðgerðir	4,9	9,3	5,4
Umboðslaun	3,6	5,5	4,4
Ýmislegt	6,5	4,8	4,6

Samtals 198,8 251,9 242,0

Störf Alþingis

Í grein þessari er skýrt frá störfum 77. löggjafarþings Íslendinga, og fylgir henni skrá yfir lög og ályktunartillögur, sem afgreidd voru frá þinginu.

Reglulegt Alþingi 1957, sem var 77. löggjafarþing Íslendinga, stóð frá 10. október til 20. desember 1957, en þá var þingi frestað til 4. febrúar 1958, og stóð það síðan til 4. júní eða alls 193 daga.

Haldinn var samtals 281 þingfundur, þar af voru 112 haldnir í neðri deild, 115 í efri deild og 54 í sameinuðu þingi.

Lögð voru fram á þinginu 34 stjórnarfrumvörp og 86 þingmannafrumvörp, en 36 hinna síðarnefndu voru flutt af nefndum Alþingis og þar af 31 að beiðni einstakra ráðherra. Alls voru lagafrumvörpin því 120, þar af 75 lögð fram í neðri deild, 43 í efri deild og 2 í sameinuðu þingi.

Afgreidd voru sem lög 52 lagafrumvörp, þar af 31 stjórnarfrumvarp og 21 þingmannafrumvarp. Tvö frumvörp voru felld, 6 afgreidd með rökstuddri dagskrá, 5 vísað til ríkisstjórnarinnar, en 55 frumvörp urðu ekki útrædd.

Á þinginu voru fornar fram 67 þingsályktunartillögur, þar af 65 í sameinuðu þingi, ein í neðri deild og ein í efri deild. Af þeim voru 30 afgreiddar sem ályktanir Alþingis og ein sem ályktun efri deildar. Sjö tillögur voru afgreiddar með rökstuddri dagskrá, einni tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar, en 28 urðu ekki útræddar á þinginu.

Alls voru bornar fram 10 fyrirspurnir, allar í sameinuðu þingi, og voru þær allar ræddar að tveimur undanteknum. (Málatala þeirra er ekki nema 8, þar eð stundum eru fleiri en ein á sama þingskjali.) Þingið hefur því alls tekið til meðferðar 195 mál, en prentuð þingskjöl urðu 713.

Hér á eftir er birt skrá um öll lög og þingsályktunartillögur, sem afgreidd voru á þinginu, ásamt stuttum efnisskýringum. Einnig er getið afgreiðsludags, svo og númers og dagsetningar laganna til hægðarauka fyrir þá, sem þurfa að leita frekari upplýsinga en hér er kostur að gefa.

Skrá um lög, afgreidd á 77. löggjafarþingi.

Dómsmál, stjórnarfar o. fl.

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
Lög um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands. Flugfélagi Íslands er heimilað að hafa happdrætti í sambandi við útgáfu sérskuldabréfa vegna útboðs á skuldabréfaláni, þannig að sérskuldabréfin séu samtímis tölusett sem happdrættismiðar. Falli vinningur á bréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti, ella fellur réttur til vinnings niður.	17. des. 1957	89/28. des. 1957
Lög um breyting á lögum nr. 80/1942, um kosningar til Alþingis. Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Kjörstjóri skal færa upplýsingar þessar í bók, sem lög-gilt er í því skyni. Kjörfundi skal eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði. Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að hafa meðferðis á kjörfund kjörskrá eða aðra slíka skrá. Einnig er þeim óheimilt að rita til minnis á kjörfundi nöfn þeirra, er neyta atkvæðisréttar, og að senda af kjörfundi eða láta í té upplýsingar um, hverjir neyta atkvæðisréttar eða hverjir hafa ekki sótt kjörfund. Bannað er að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að bera slík merki á kjörstað og í næsta nágrenni.	18. des. 1957	91/27. des. 1957
Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1958. Reglulegt Alþingi 1958 skal koma saman föstudaginn 10. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.	14. febr. 1958	1/14. febr. 1958
Lög um veðurstofu Íslands. Veðurstofa Íslands er ríkisstofnun með heimilisfangi í Reykjavík. Veðurstofustjóri, skipaður af ráðherra, fer með yfirstjórn hennar og annast framkvæmd þeirra málefna, sem henni eru falin, undir yfirstjórn ráðherra. Í veðurspám skal einkum lögð stund á að vara við þeim veðurfyrirbærum, sem valdið geta tjóni eða slysum. Þá skal þess og gætt, að veðurspár komi atvinnuvegum landsmanna að sem mestum notum.	17. marz 1958	17/27. marz 1958

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
Lög um veitingu ríkisborgararéttar. 70 útlendingum er veittur ríkisborgararéttur með því skilyrði, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli áður hafa fengið íslensk nöfn samkvæmt lögum um manna-nöfn.	21. apríl 1958	25/2. maí 1958
Lög um breyting á lögum nr. 81/1936, um sveitarstjórnarkosningar. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaupúni, fari fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar. Kjörskrár skulu samdar í marzmánuði á því ári, sem kosning fer fram.	22. maí 1958	44/29. maí 1958
Félagsmál og heilbrigðismál.		
Lög um húsnæði fyrir félagsstarfsemi. Styrktarsjóði Félags íslenskra rafvirkja og sjúkra- styrktarsjóði Múrarafélags Reykjavíkur er heimilað að taka eignarhluta sinn í húsinu nr. 27 við Freyjugötu í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi.	28. febr. 1958	9/12. marz 1958
Farsóttarlög. Hér er um að ræða endurskoðun laga nr. 19/1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, sem gerð var aðallega vegna nauðsynjar á að samræma þau lög- gjöfinni um varnir gegn því, að slíkar sóttir berist inn í landið, sbr. sóttvarnarlög nr. 34/1954.	6. marz 1958	10/19. marz 1958
Lög um húsnæði fyrir fæðingarheimili Reykja- víkurbæjar. Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka íbúðarhúsnæði, sem er í eigu bæjarins, til afnota fyrir fæðingarheimili.	7. marz 1958	13/19. marz 1958
Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Hafi verkamaður, iðnlærður eða óiðnlærður, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, ber honum eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessu, skal skylt að tilkynna með eins mánaðar fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum. Fastir	28. marz 1958	16/9. apríl 1958

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt framansögðu, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa.		
Lög um húsnæði fyrir félagsstarfsemi. Vinnuveitendasambandi Íslands er heimilað að taka húseign sína við Fríkirkjuveg 3 í Reykjavík til nota fyrir félagsstarfsemi sína.	11. apríl 1958	23/26. apríl 1958
Lög um breyting á lögum nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Ákvæði 19. greinar um það, að réttarstaða óskilgetins barns skuli fara eftir ríkisfangi móður, er afdnumin, og gildir þá almenna reglan, að miðað sé við heimilisfang aðila.	19. maí 1958	39/29. maí 1958
Lög um aðstoð við vangefið fólk. Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, að upphæð 10 aurar af hverri flösku. Fé þetta rennur í Styrktarsjóð vangefinna, og skal því varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.	23. maí 1958	43/29. maí 1958
Lög um lífeyrissjóð togarasjóðmanna. Stofna skal sérstakan sjóð til þess að tryggja togarasjóðmönnum, ekkjum þeirra og börnum lífeyri. Ríkissjóður leggur sjóðnum til stofnfé, hálfa milljón króna árið 1958 og hálfa milljón króna árið 1959. Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum. Upphæð ellilífeyris hvers sjóðfélaga hækkar eftir lengd starfstíma. Sjóðfélagar greiða 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins, en launagreiðendur 6% af heildarlaunagreiðslum til sjóðfélaga. Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi á togara eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingalæknir metur örorkuna meiri en 35%.	2. júní 1958	49/12. júní 1958
Lög um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl. Sett eru ákvæði um refsiviðurlög við vanrækslu spari-merkjakaupa. Vísitölutrygging B-flokks vaxtabréfa Landsbankans skal ná til afborgana af bréfunum, en ekki vaxta. Unglingar í sveitum, sem vinna hjá for-	2. júní 1958	45/12. júní 1958

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
eldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu, eru undanþegnir sparnaðarskyldu. Útlendingar fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi brott.		
Lög um breyting á sjúkrahúslögum nr. 93/1953. Styrkur til sjúkrahúsa úr ríkissjóði er aukinn nokkuð, þannig að almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, svo og einkasjúkrahús, fær 10 kr. á legudag. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem vel er búð tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, fær 15 kr. og fjórðungssjúkrahús 25 kr. á legudag.	3. júní 1958	52/12. júní 1958
Fjármál og skattamál.		
Lög um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1957. Vinningar í símahappdrætti því, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra efndi til á árinu 1957, eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.	1. nóv. 1957	80/7. nóv. 1957
Lög um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Framlengd eru fyrri ákvæði um söluskatt af sölu og veltu.	6. des. 1957	82/14. des. 1957
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1958 með viðauka. Lög þessi eru samhljóða lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1957 með viðauka.	10. des. 1957	83/20. des. 1957
Lög um breyting á lögum nr. 59/1946, um sérstakar fyrningarafskriftir. Lög nr. 44 frá 1954, um breyting á lögum nr. 59/1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, taka aðeins til tækja, sem tekin voru í notkun á árinu 1956 eða fyrr. Með þessum lögum er ákveðið, að ákvæði áðurgreindra laga skuli gilda fyrir árin 1957, 1958 og 1959. Lögin skulu einnig gilda um flugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á nefndu tímabili.	10. des. 1957	90/20. des. 1957
Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl. Lögin fela í sér framlengingu ákvæða, sem voru í lögum nr. 98/1956.	12. des. 1957	85/20. des. 1957

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl. Með lögum þessum eru framlengd ákvæði sama efnis í lögum nr. 95/1956.	16. des. 1957	92/24. des. 1957
Lög um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör. Yfirkattanefnd og rikisskattanefnd er heimilað að breyta útsvari, sem kært er yfir, ef það reynist að minnsta kosti 3% of hátt eða lágt í stað 10%, sem áður var í lögum. Lögin eru staðfesting á bráðabirgðalögum sama efnis.	17. des. 1957	88/27. des. 1957
Lög um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56/1957, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Með lögunum eru tekin af öll tvímæli um það, að gjaldið samkvæmt 4. gr., sem rennur í Menningarsjóð, skuli greiðast af öllum kvikmyndasýningum, líka þeim, sem undanþegnar eru skemmtanaskatti, en ákveðið, að dansleikir, sem haldnir eru til ágóða fyrir góðgerðar- og líknaistarfsemi o. fl., skuli undanþegnir gjaldinu.	18. des. 1957	94/28. des. 1957
Lög um breyting á lögum nr. 33/1955, um samræmingu á mati fasteigna. Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. janúar 1959 endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat, og leita staðfestingar réttra stjórnarvalda á þeim.	18. des. 1957	95/27. des. 1957
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958. Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 skal árið 1958 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.	18. des. 1957	93/23. des. 1957
Fjárlög fyrir árið 1958. Heildartekjur eru áætlaðar um 805 millj. kr. og rekstrarafgangur tæpar 84 millj. kr. Stærstu gjaldaliðir eru: kennslumál tæpar 123 millj. kr., atvinnumál tæpar 115 millj. kr., samgöngumál rúmar 114 millj. kr. og félagsmál rúmar 106 millj. kr.	20. des. 1957	86/24. des. 1957

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
Lög um breyting á lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir. Niðurjöfnun stóreignaskattsins átti að ljúka fyrir árslok 1957; þar sem það tókst ekki, er heimiluð framlenging þess frests til febrúarloka 1958. Lögín eru staðfesting á bráðabirgðalögum sama efnis.	27. marz 1958	19/8. apríl 1958
Lög um samþykkt á ríkisreikningnum árið 1955.	17. apríl 1958	22/26. apríl 1958
Fjáráukalög fyrir árið 1955. Veittar eru aukafjárveitingar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1955 sýnir.	30. apríl 1958	28/12. maí 1958
Lög um sölu nokkurra jarða í opinberri eign og eignarnám erfðafesturéttinda. Ríkisstjórninni er heimilað að selja nokkrar jarðir í ríkiseign. Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps eða Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags.	8. maí 1958	31/17. maí 1958
Lög um eignarnámsheimild fyrir Hvammstangahrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi hans. Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Hvammstangahrepps, ef nauðsyn krefur vegna skipulags.	12. maí 1958	34/17. maí 1958
Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu. Dagana 13.—17. maí 1958, að báðum dögum meðtöldum, skulu tollstofnanir ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum.	12. maí 1958	21/12. maí 1958
Lög um breyting á lögum nr. 102/1933, um sýsluvegasjóði. Frá því er fasteignamat það, sem gert hefur verið nýlega, gekk í gildi þar til í árslok 1958 skal innheimta sýsluvegasjóðsgjald á sama hátt og fyrir gildistöku fasteignamatsins.	14. maí 1958	40/24. maí 1958
Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu. Ríkisstjórninni er heimilað að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum, þar til fram komið frumvarp um útflutningssjóð o. fl. hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á Alþingi.	16. maí 1958	32/17. maí 1958

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
Lög um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.	27. maí 1958	48/10. júní 1958

Ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, einn maður tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis til eins árs í senn og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni í heild til jafnlangs tíma skulu gera tillögur um hagfelldari vinnubrögð til að spara mannahald og annan reksturskostnað. Eigi má fjölga starfslíði við ríkisstofnanir eða annars staðar í ríkisrekstrinum, nema leitað hafi verið tillagna þessara þriggja trúnaðarmanna. Ennfremur er ráðherra eða forstöðumanni stofnunar óheimilt að ráða í stöðu, sem losnar, nema leitað hafi verið tillagna trúnaðarmannanna.

Lög um breyting á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.	27. maí 1958	36/29. maí 1958
--	--------------	-----------------

Í lögum eru ný ákvæði um skattgreiðslur félaga, sem m. a. fela í sér þá breytingu, að skattar allra félaga verði jafn hundraðshluti af skattskyldum tekjum þeirra eða 25% og af skattskyldri eign 7%. Hlutafélög mega draga frá tekjum sínum útborgaðan arð, þó eigi meira en 8% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Skattur af lágtekjum er lækkaður nokkuð og sjómönnum á fiskiskipum veittur aukinn frádráttur við útreikning á tekjuskatti þeirra. Ný ákvæði eru um eignarskatt, sem miðuð eru við það, að hækkan fasteignamatsins, sem gekk í gildi á sl. ári, verði ekki til þess að auka eignarskattinn til ríkisins í heild. Vinni gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, eiga hjónin rétt á því, að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattur er lagður á tekjur hjónanna, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti. Í því tilfalli eiga hjónin hins vegar rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna og 50% af honum séu dregin frá sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna, áður en skattur er á lagður.

Landbúnaðarmál.

Lög um breyting á lögum nr. 54/1957, um búfjárrækt.	28. nóv. 1957	81/9. des. 1957
---	---------------	-----------------

Fyrirkomulagi á kosningu forðagæzlumanna er breytt, þannig að þeir skulu kosnir af sveitarstjórn að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, en ekki kosnir beint af öllum kjósendum í hverju sveitarfélagi eins og áður.

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
Lög um breyting á lögum nr. 50/1932, um útflutning hrossa.	19. maí 1958	42/24. maí 1958

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis. Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra.

Menntamál og kirkjumál.

Lög um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.	28. marz 1958	18/9. apríl 1958
--	---------------	------------------

Leigutekjur og aðrar tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigsins (héraðsskóla) og húsmæðraskóla skulu renna í hlutaðeigandi skólasjóð til greiðslu á hluta viðkomandi sveitarfélags eða sýslu vegna kostnaðar af viðhaldi og rekstri skólans, að svo miklu leyti sem tekjur þessar hrökkva til.

Lög um breyting á lögum nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.	14. maí 1958	35/24. maí 1958
---	--------------	-----------------

Tekjum sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum vísindum á Íslandi. Sektarviðurlög fyrir brot á lögnum eru hækkuð.

Lög um breyting á lögum nr. 30/1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði og ættfræðirannsóknnum hér á landi.	29. maí 1958	50/10. júní 1958
--	--------------	------------------

Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er Þjóðskjalasafn lætur þeim í té. Alla íslenska ríkisborgara 15 ára og eldri, er látast í söfnuðum þeirra. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

Samgöngumál.

Umferðalög.	22. apríl 1958	26/2. maí 1958
-------------	----------------	----------------

Mikilvægasta nýmæli laganna felst í 67. grein þeirra. Þar segir, að hljótist slys eða tjón á mönnum eða munum af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun, sé þeim, sem ábyrgð ber á ökutækinu, skylt að bæta það tjón, enda þótt slysið eða tjónið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanna. Hér er sem sagt um objectiva ábyrgð að ræða. Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund, en utan þéttbýlis með allt að 70 km hraða. Breidd ökutækis má hvergi vera meiri en 2,35 m. Ef vínandamagn í blóði

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
manns er 0,50% til 1,20% eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vinandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega. Þá er það einnig nýmæli, að bifreiðir skulu útbúnar með tækjum til þess að gefa stefnumerki.		
Lög um breyting á lögum nr. 40/1957, um leigu-bifreiðir í kaupstöðum og kaupþúnum. Inn í lögina er bætt refsíákvæðum, en þau voru engin fyrir, þannig að brot gegn lögnum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum frá 100—10.000 kr., nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.	2. maí 1958	29/14. maí 1958
Sjávarútvegsmál.		
Lög um breyting á lögum nr. 86/1956, um útflutningssjóð o. fl. Ríkisstjórninni er heimilað að undanþiggja yfirfærslugjaldi skipaleigur, nauðsynleg skipagjöld og flugvélagjöld erlendis að nokkru eða öllu leyti. Lögina eru staðfesting á bráðabirgðalögum sama efnis.	7. febr. 1958	8/20. febr. 1958
Lög um viðauka við lög nr. 23/1921, um váttryggingafélag fyrir fiskiskip. Allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að váttryggja þau hjá Samabyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa.	18. apríl 1958	24/29. apríl 1958
Lög um breyting á lögum nr. 48/1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins. Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslensk skip bátaflotans, sem gerð eru út á síldveiðar með herpinót eða reket. Útflutningsgjald af síldarafurðum er hækkað úr ½% í ¾%.	13. maí 1958	38/24. maí 1958
Lög um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum. Efni laganna er að færa réttindi þeirra vélstjóra, sem starfsmenntun sína hafa fengið á mótornámskeiðum Fiskifélags Íslands, en það eru langflestir vélstjórnanna á fiskibátaflotanum, að sem mestu leyti til samræmis við þær aðstæður, sem voru fyrir hendi við gildistöku þeirra og fyrirsjáanleg verða, þannig að vélstjórar með ákveðnu prófi fá rétt til að stjórna aflmeiri vélum en áður.	29. maí 1958	47/10. júní 1958

	<i>Samþykkt af Alþingi</i>	<i>Lög, nr. og dagsetn.</i>
Lög um útflutningssjóð o. fl. Hlutverk útflutningssjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 86/1956, er að styðja útflutningsatvinnuvegi landsmanna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sérstök grein er um lögina í þessu hefti Fjármálatíðinda, og vísast til hennar um nánari upplýsingar um sjóðinn.	29. maí 1958	33/29. maí 1958

Verzlunarmál og verðlagsmál.

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Skriðulandi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu. Að Skriðulandi við vegamót Vesturlandsvegur og Skarðsstrandarvegur í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.	14. apríl 1958	27/23. apríl 1958
Lög um breyting á lögum nr. 46/1937, um samvinnufélög. Í lögum er skylda samvinnufélaga til að leggja fé í varasjóði takmörkuð við þær upphæðir, er þau kunna að hafa í hagnað af skiptum við utanfélagsmenn, eftir að búið er að greiða af þeim hagnaði opinber gjöld, sem á hann eru lögð.	19. maí 1958	37/24. maí 1958
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi. Ríkisstjórninni er heimilað að setja á stofn áfengisútsölu á Keflavíkurflugvelli, er eingöngu selji áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi. Stjórninni er einnig heimilt að setja á stofn sams konar útsölu á Reykjavíkurflugvelli, eftir að þar hefur verið byggð afgreiðslustöð.	23. maí 1958	53/5. júní 1958

Þingsályktunartillögur.

Þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. (Samþ. 20. des. 1957.) Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1957, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 4. febrúar 1958.	Þál. um flugsamgöngur við Vestfirði. (Samþ. 5. febr. 1958.) Ríkisstjórninni er falið að láta fara fram hið fyrsta rannsókn á því, hvernig flugsamgöngum við Vestfirði verði bezt og hagkvæmast fyrir komið.
--	--

Þál. um varnir gegn brunatjóni. (Samþ. 26. febr. 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að láta þegar fara fram ýtarlega rannsókn færustu manna á orsökum hinna tíðu eldsvoða, sem valdið hafa miklu tjóni á atvinnutækjum þjóðarinnar, og gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, til að draga úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum.

Þál. um fjárfestingarþörf opinberra stofnana. (Samþ. 5. marz 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að láta framkvæma rannsókn á fjárfestingarþörf opinberra stofnana til byggingar nauðsynlegs húsnæðis fyrir starfsemi þeirra. Jafnframt sé athugað, hve margar opinberar stofnanir hafi þurft á sl. 10 árum að kaupa eða leigja nauðsynlegt húsnæði af einstaklingum, félögum eða öðrum opinberum aðilum og þá með hvaða kjörum.

Þál. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga og laga um hafnarbótasjóð. (Samþ. 26. marz 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að láta gera í samráði við vitamálastjóra 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu, og sé fyrst og fremst við það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga og ákvæðin um landshafnir og loks lögin um hafnarbótasjóð.

Þál. um athugun á vegakerfi landsins og áætlun um vegáframkvæmdir. (Samþ. 26. marz 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að framkvæma í samráði við vegamálastjóra heildarathugun á ástandi vegakerfis landsins og gera á grundvelli þeirrar athugunar áætlun um nauðsynlegar umbætur á vegakerfinu með hliðsjón af þeirri þýðingu, sem viðunandi vegakerfi hefur fyrir byggð landsins í heild.

Þál. um endurskoðun ákvæða almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur. (Samþ. 16. apríl 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á ákvæðum almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna.

Þál. um rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja. (Samþ. 16. apríl 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að hraða svo sem unnt er lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja.

Þál. um söfnun erlendra heimilda um sögu Íslands í tveim heimsstyrjöldum. (Samþ. 16. apríl 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að skipuleggja þegar vandlega söfnun hvers konar heimilda, er kunna að vera geymdar í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýzkalandi eða öðrum löndum og varða sögu Íslands í heimsstyrjöldunum 1914—1918 og 1939—1945.

Þál. um efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði. (Samþ. 16. apríl 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að láta athuga skilyrði fyrir staðsetningu efnaiðnaðarverksmiðju í Hveragerði.

Þál. um ríkisábyrgð vegna byggingar heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði. (Samþ. 23. apríl 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilað að ábyrgjast allt að hálftrar millj. kr. lán fyrir Náttúrulækningafélag Íslands vegna stækkunar á heilsuhæli félagsins í Hveragerði.

Þál. um skipun jafnlaunaneftdar. (Samþ. 30. apríl 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að skipa 5 manna nefnd, er athugi, að hve miklu leyti konum og körlum eru raunverulega greidd sömu laun fyrir jafnverðmæta vinnu. Athugun

Þessi skal bæði taka til launagreiðslu hjá hinu opinbera og þeirra almennu kjarasamninga, sem í gildi eru um kaup kvenna í ýmsum starfsgreinum. Ennfremur skal nefndin gera tillögur um ráðstafanir til að tryggja fullkomið launajafnrétti.

Þál. um umferðarkennslu í söng. (Samþ. 30. apríl 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að kanna, hvort ekki muni fært að taka upp umferðarkennslu í söng við þá barnaskóla, þar sem ekki eru starfandi söngkennarar.

Þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa á vélskipinu „Vico“ frá Noregi. (Samþ. 30. apríl 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilað að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði vélskipins „Vico“ frá Noregi, þó eigi hærrí fjárhæð en 697 þús. norskum krónum.

Þál. um hagnýtingu brotajárns. (Samþ. 7. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að láta halda áfram athugunum, sem gerðar hafa verið á því, hvort tiltækilegt sé að hagnýta brotajárn hér á landi með því að koma upp járnbræðslu.

Þál. um heymjölsværksmiðju. (Samþ. 7. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að láta fara fram athugun á því, hvort æskilegt er, að komið verði upp heymjölsværksmiðju með það fyrir augum að draga úr notkun á innfluttu kjarnfóðri. Einnig skal athugun sú, sem fram fer, leiða í ljós, hvar rekstrar-skilyrði eru hagkvæmust fyrir værksmiðjuna.

Þál. um glímukennslu í skólum. (Samþ. 7. maí 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að fullnægt verði á raunhæfan hátt ákvæðum gildandi laga og reglugerða um, að í öllum skólum landsins sé piltum gefinn kostur á tilsögn í íslenzkri glímu.

Þál. um tekjustofna sveitarfélaga. (Samþ. 28. maí 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmark félagslegs öryggis. (Samþ. 30. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis, sem gerð var á 35. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf 28. júní 1952.

Þál. um myndastyttu af Ingólfi Arnarsyni. (Samþ. 30. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að afsteypa af stytta Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal, Dalsfirði í Noregi, og afhent Norðmönnum að gjöf frá Íslendingum sem tákn óbrotgjarnrar vináttu þjóðanna.

Þál. um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. (Samþ. 30. maí 1958.)

Alþingi ályktar að samþykkja starfsreglur þær fyrir Norðurlandaráð, sem samþykktar voru á 5. þingi ráðsins í Helsingfors í febrúarmánuði 1957.

Þál. um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum. (Samþ. 30. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að undirbúa og hefjast handa í samráði við vegamálastjóra og Þingvallanefnd um vegagerð á Þingvöllum svo fljótt sem auðið er, þannig að unnt verði að hætta allri bílaumferð um Almannagjá.

Þál. um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna. (Samþ. 30. maí 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lagaákvæðum og stjórnarákvæðunum um aðsetur ríkisstofnana og embættismanna og leggja fyrir Alþingi tillögur til breytinga, eftir því sem ástæða þykir til að endurskoðun lokinni.

Þál. um afnám tekjuskatts. (Samþ. 30. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að kanna gaumgæfilega möguleika á, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu, svo og að innheimta önnur gjöld af launum, jafnóðum og þau eru greidd.

Þál. um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarháerað til Vestur- og Norðurlands. (Samþ. 30. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er falið að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti fara fram rannsókn á því, á hvern hátt unnt sé að stytta landleiðina frá Reykjavík til Borgarfjarðarháeraðs og Vestur- og Norðurlands.

Þál. um endurskoðun löggjafar um stjórnarráð Íslands. (Samþ. 30. maí 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á löggjöf um stjórnarráð Íslands og leggja fyrir Alþingi lagafrumvarp um þetta efni, svo fljótt sem verða má.

Þál. um styrk til útgerðarfélags flóabátsins Baldurs. (Samþ. 30. maí 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilað að greiða útgerðarfélagi flóabátsins Baldurs, SH-106, kr. 100.000,00 sem viðbótarstyrk vegna endurbóta.

Þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni fyrir síldar-

bræðsluna h.f. á Seyðisfirði. (Samþ. 2. júní 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilað að veita ríkisábyrgð á láni fyrir Síldarbræðsluna h.f. á Seyðisfirði að upphæð allt að 1,8 millj. króna til að ljúka endurbýggingu á verksmiðju félagsins.

Þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa og stækkunar á Hótel Borg í Reykjavík. (Samþ. 2. júní 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilað gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita hlutafélagi, sem fyrirhugað er að stofna til að kaupa og reka Hótel Borg í Reykjavík, ríkisábyrgð á láni, allt að 10 millj. króna, til kaupanna og stækkunar á hóteliinu.

Þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni vegna silungseldis í Búðaósi á Snæfellsnesi. (Samþ. 3. júní 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilað að veita Gísla Indriðasyni, eiganda jarðarinnar Tjaldbúða, ríkisábyrgð á láni allt að 200 þús. krónum til að koma upp eldisstöð fyrir sjósilung í Búðaósi á Snæfellsnesi.

Þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins. (Samþ. 3. júní 1958.)

Skorað er á ríkisstjórnina að vinna að því, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé með því, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnfyrirtækja.

Ný lög um Útflutningssjóð

Í þessari grein er sagt frá hinum nýju lögum um Útflutningssjóð, sem sett voru í maí sl., en þau komu í stað eldri laga um sama efni frá desember 1956.

Inngangur.

Það var þegar orðið ljóst um mitt ár 1957, að ráðstafanir þær til styrktar atvinnuvegunum, sem gerðar voru með lagasetningu um Útflutningssjóð seint á árinu 1956, mundu ekki ná nægilega langt. Orsakanna var m. a. að leita í lélegum aflabrogðum, en vegna þeirra og fleiri orsaka urðu gjald-eyristekjurnar miklu lægri en ætlað hafði verið. Þetta ásamt mikilli fjárfestingu dró mjög úr innflutningi hágjaldavara, en tekjuöflun Útflutningssjóðs var að verulegu leyti byggð á þeim.

Að lokinni ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálunum var nýtt frumvarp um Útflutningssjóð lagt fyrir Alþingi í maí 1958 og varð að lögum þaðan 29. maí með litlum breytingum. Þessi lög, sem hér verður skýrt frá, fólu í sér mjög auknar bætur til útflutningsatvinnuveganna og aukna tekjuöflun til að mæta þeim og bæta hag ríkissjóðs. Jafnframt voru styrkgreiðslur og tekjuöflun gerðar einfaldari en áður og dregið úr ósamræmi á verði erlendra vöru innan lands.

Um lögin er rætt almennt í grein í 1. hefti Fjármálatíðinda 1958, en um eldri lögin er grein á 25. bls. í 1. hefti 1957. Verður nú gerð grein fyrir helztu atriðum hinna nýju laga.

Helztu breytingar.

Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um Útflutningssjóð segir ríkisstjórnin, að tilgangur þess sé þrjúþættur:

1. að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins;
2. að jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarþúinu gjaldeyris, frá því, sem verið hefur, og gera framkvæmd nauðsynlegs stuðnings við þær einfaldari;
3. að draga úr því misræmi í verðlagi, sem skapast hefur innan lands undanfarin ár, bæði milli erlendra vöru og innlendra og milli erlendra vörutegunda innbyrðis.

Í því skyni að ná þessum markmiðum felast í Útflutningssjóðslögunum tvær meginbreytingar á núverandi uppbótakerfi. Annars vegar eru bæði bætur og álögur gerðar almennari og jafnari en áður, en hins vegar er hvort tveggja hækkað allverulega frá því, sem verið hefur.

Í stað hinna fjölmörgu bótaflokka, sem áður giltu, er nú aðeins um þrjú að ræða: 55%, 70% og 80% á fob.-verð, og skulu allar útfluttar vörur njóta bóta samkvæmt einhverjum þessara flokka. Allar sjávarafurðir aðrar en síldarafurðir og hvalafurðir njóta 80% bóta. Áætla má, að þessi breyting hafi í för með sér, að útflutningsuppbætur hækki að meðaltali úr rúmlega 45% í rúmlega 75%. Heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða að meðtöldum uppbótum mun því væntanlega hækka vegna ákvæða laganna um 20—22%. Þessi hækkingun nær aðeins til afurða, sem framleiddar eru eftir 14. maí sl. Varðandi afurðir árs-

ins 1957 gilda ákvæði eldri Útflutnings-
sjóðslaganna, og varðandi afurðir fram-
leiddar frá 1. janúar til 14. maí á þessu ári
gilda eldri ákvæðin með breytingum, sem
ríkisstjórnin gerði eftir samninga við út-
vegsmenn um sl. áramót. Fjallar sérstakur
kafla laganna um þessar bætur.

Lögin mæla svo fyrir, að greiddar verði
yfirfærslubætur að upphæð 55% á duldar
gjaldeyrstekjur, svo sem ferðagjaldeyri,
tryggingabætur, umboðslaun o. fl. Helzta
undantekningin frá þessum ákvæðum eru
greiðslur í sambandi við framkvæmd
varnarsamningsins milli Íslands og Banda-
ríkjanna, en allar slíkar greiðslur eru
undanþegnar yfirfærslubótum og yfir-
færslugjöldum.

Breytingar þær, sem gerðar eru á tekju-
öflun samkvæmt lögunum, miða einnig að
því að jafna álögur frá því, sem verið hef-
ur. Meginatriði hins nýja fyrirkomulags er
það, að greiða skal 55% yfirfærslugjald á
allan seldan gjaldeyri að undanteknum ör-
fáum nauðsynja-yfirfærslum, sem nánar
verður frá skýrt síðar, en af þeim skal
greiða 30% yfirfærslugjald. Til viðbótar
þessu skal svo greiða sérstök innflutnings-
gjöld af ýmsum síður nauðsynlegum vöru-
tegundum, og eru þessi gjöld í þremur flokk-
um: 22%, 40% og 62%.

Tekjur og gjöld Útflutningssjóðs.

Með Útflutningssjóðsfrumvarpinu er í
reglugerðinni birt eftirfarandi yfirlit um
greiðslur Útflutningssjóðs og tekjuöflun til
þeirra.

	millj. kr.
Hækkun útflutningsbóta frá því, sem nú er, og tekjubörf til að standa straum af þeim bótum, sem nú eru greiddar	382,7
Þar frá dregst hækkun rekstrarvöru og fyrninga, er útflutningsatvinnu- vegirnir greiða sjálfir, þegar rekstrarvörur og tæki eru flutt inn	202,1
Hrein tekjubörf vegna bóta til út- flutningsatvinnuveganna	180,6
(Þar af vegna hækkunar kaup- gjalds 50,6 millj. kr. og 51,8 millj. kr. vegna jöfnunar á milli útflutn-	

ingsgreina og verðfalls sildaraf- urða.)	
Niðurgreiðslur, sem Útflutningssjóð- ur greiðir samkvæmt frumvarpinu	131,0
Tillag Útflutningssjóðs til ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu	20,0
Frá dregst hluti ríkissjóðs af tekjum Útflutningssjóðs samkvæmt nú- gildandi lögum	90,0
Hrein tekjubörf vegna niðurgreiðslna og tillags til ríkissjóðs	61,0
Tekjubörf alls	241,6

Teknanna væri aflað sem hér segir:

Hækkun á yfirfærslugjaldi og innflutnings- gjaldi af innflutningi að frádregnum gjöldum af rekstrarvöru og framleiðslu- tækjum útflutningsins	162,1
Hækkun á yfirfærslugjaldi af öðru en inn- flutningi umfram yfirfærslubætur	39,0
Hækkun á aukatekjum Útflutningssjóðs ..	40,5
Tekjuöflun alls	241,6

Það er auðséð af þessu yfirliti, að hér er
ekki um að ræða áætlun um tekjur og gjöld
Útflutningssjóðs, heldur gefur niðurstöðu-
talan til kynna þá tekjuöflun, sem nauð-
synleg er til að koma á jöfnuði hjá ríkis-
sjóði, svo og þá byrði, sem leggja verður á
herðar annarra aðila en útflutningsatvinnu-
veganna sjálfra til þess að greiða hærri
raunverulegar útflutningsbætur. Ekki hef-
ur verið birt nein áætlun um tekjur og gjöld
Útflutningssjóðs, en þær hækka að sjálf-
sögðu mun meira en þær 241,6 millj. kr.,
sem er niðurstöðutala þessa yfirlits. Stafar
það af ýmsu, en meðal annars því, að við
bætast bæði tekju- og gjaldamegin allmiklar
upphæðir vegna yfirfærslubóta og yfir-
færslugjalda af duldum greiðslum, svo og
yfirfærslugjöld, sem útflutningsatvinnu-
vegirnir greiða, og hækkun útflutnings-
bóta, sem á móti þeim koma.

Í meðferð þingsins voru uppbætur til
sildarútvegsins hækkaðar, og mun sú hækk-
un hafa í för með sér um 9 millj. kr. hærri
útgjöld Útflutningssjóðs en reiknað var
með í framangreindu yfirliti um tekjur og
gjöld sjóðsins.

Bótagreiðslur til 14. maí.

Í lögunum eru sérstök ákvæði um bætur á útfluttar sjávarafurðir, framleiddar fyrir 15. maí 1958. Um uppbætur á fisk veiddan fyrir áramót gilda ákvæði gömlu útflutningssjóðslaganna. Bótagreiðslur á afurðir, sem framleiddar voru 1. janúar — 15. maí, eru í sömu mynd og áður, en hækka nokkuð í samræmi við samkomulag það, sem ríkisstjórnin gerði um síðustu áramót við útvegsmenn og vinnslustöðvar. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á þessum greiðslum:

- 1) Fastar daggreiðslur til togara, sem byggðir voru eftir 1946, hækkuðu úr 6.000 kr. í 6.700 kr. við fiskveiðar í salt og úr 5.000 kr. í 5.400 kr. við fiskveiðar í ís, þegar landað var innan lands. Við fiskveiðar í ís, þegar landað var erlendis, héldust daggreiðslurnar óbreyttar í 4.000 kr. Togurum þeim, sem komu til landsins eftir 1949, voru auk þess eins og áður greiddar 600 kr. fyrir hvern veiðidag.
- 2) Greiðslur til bátaútvegsmanna vegna framleiðslu freðfisks, saltfisks, skreiðar og hrogna voru hækkaðar úr 24,45% í 26,85% af fob.-verði varanna.
- 3) Greiðslur til fiskvinnslustöðva breyttust sem hér segir miðað við fob.-verð: Greiðslur hækkuðu á útfluttan bátafisk að undanskilinni ýsu, steinbít og nokkrum fleiri fisktegundum úr 19,37% í 23,06%, á útfluttan karfa úr 22,5% í 25,0%, á útflutta ýsu úr togurum og bátum úr 40,07% í 44,68%, á útfluttan steinbít úr togurum og bátum úr 34,03% í 44,68%, á útfluttan frystan ufsa af togurum og bátum 20,2%, en var áður 15,82% fyrir ufsa af togurum og 19,37% fyrir bátaufsa. Greiðslur hækka fyrir útfluttan flatfisk og skötu af togurum og bátum í 33,0%, en var áður 15,82% og 19,37%, og loks hækka greiðslur á útflutt hrogn úr 20,33% í 24,2%. Aðrar greiðslur voru óbreyttar.

Fyrir þessum greiðslum Útflutningssjóðs voru þau skilyrði sett, að fiskvinnslustöðvarnar greiddu útvegsmönnum ekki lægra

verð en 1,21 kr. (áður 1,15 kr.) fyrir hvert kg af slægðum þorski með haus og tilsvareandi fyrir aðrar fisktegundir. Útgerðarmönnum togara skyldu greiddar 1,10 kr. (áður 1,07 kr.) fyrir hvert kg af þorski, slægðum með haus, 1,01 kr. (áður 0,98 kr.) fyrir óslægðan karfa og 0,84 kr. (áður 0,82 kr.) fyrir ufsa slægðan með haus.

Útflutningssjóður keypti eins og áður B-skírteini og greiddi váttryggingaiðgjöld fiskibáta eftir nánari reglum, sem settar voru um það.

Framleiðsluráði landbúnaðarins voru greiddar bætur á fob.-verð útfluttra landbúnaðarafurða, sem voru sambærilegar við beztu kjör, sem sjávarútvegurinn fékk á sama framleiðslutímabili.

Útflutningsbætur eftir 14. maí 1958.

Eftir 14. maí 1958 eru styrkgreiðslur með allt öðrum hætti en áður og bótakerfið miklu einfaldara í sniðum. Greiddar eru nú bætur á útfluttar afurðir í þremur bótaflokkum og miðað við fob.-verðmæti vörunnar. Ákvæðin um bæturnar eru sem hér segir:

- a) Á allan fisk og fiskafurðir, að undanteknum síldarafurðum, eru greiddar 80% bætur.
- b) Á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld eru greiddar 55% bætur.
- c) Á afurðir úr annarri síld (Faxasíld og smásíld) og loðnu eru greiddar 70% bætur.

Ríkisstjórnin hefur notað heimild í lögunum til þess að skipta útflutningsbótunum á milli útvegsmanna og vinnslustöðva. Hefur nú verið ákveðið, að 80% bætur vegna þorskafla bátaflotans skiptist þannig, að útvegsmenn fái 31,7%, en vinnslustöðvar 48,3%. Jafnframt var verð það, sem vinnslustöðvar greiða útvegsmönnum, hækkað í 1,50 kr. á kg af þorski, slægðum með haus. Varðandi togara verður reglan sú, að vinnslustöðvar fái 31,6%,

en togaraútgerðin 48,4%. Verð á þorski til togara verður 1,1 kr. á kg, slægðum með haus.

Auk þessara bóta getur ríkisstjórnin ákveðið, að vinnslustöðvunum verði greiddar sérstakar bætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs.

- d) Á fob.-verð útfluttra landbúnaðarafurða eru greiddar bætur, sem eru sambærilegar við beztu kjör sjávarútvegsins, þ. e. 80% bætur auk þeirra sérstöku bóta, sem getið er hér á undan.
- e) Allar aðrar útfluttar vörur eru bættar samkvæmt einhverjum flokkanna a, b, c hér að framan.

Auk þessara aðalákvæða um styrkgreiðslur var ákveðið, að Útflutningssjóður greiddi váttryggingariðgjöld fiskibáta, og eins árs greiðslufrestur var veittur á afborgunum lána, sem stofnlánadeild Landsbanka Íslands, ríkissjóður og Fiskveiðasjóður Íslands hafa veitt til kaupa á togurum og fiskibátum. Þetta eru hliðstæð ákvæði og voru í gömlu lögnum.

Tekjuöflun.

Samkvæmt eldri lögum um Útflutningssjóð var fjár aðallega aflað til hans með 16% yfirfærslugjaldi og innflutningsgjöldum, sem skiptust í 6 flokka. Með nógildandi lögum hefur innflutningsgjöldunum verið fækkað, en yfirfærslugjaldið hækkað verulega. Auk þess er ýmsum smærri sköttum haldið óbreyttum eða þeir hækkaðir nokkuð.

- 1) Yfirfærslugjald er tvenns konar: 30% og 55%. Lægra gjaldið er aðeins innheimt af yfirfærslum fyrir náms- og sjúkrakostnaði, svo og af flestum kornvörum til manneldis, kaffi, sykri o. fl. matvörum, baðmullarvörum og gúmmískófatnaði. Er hér aðallega um að ræða vörur, sem eru í vísitölugrundvellingum. Flestar þessar vörur voru áður með 16% yfirfærslugjaldi, engu, 8% eða 11% innflutningsgjaldi, svo að þær hækka ekki verulega í verði. Á öllum öðrum vörum og duldum greiðslum

er 55% yfirfærslugjald, og má gera ráð fyrir, að um 90% af heildaryfirfærslum muni bera þetta gjald.

- 2) Innflutningsgjöld eru nú innheimt í þremur gjaldflokkum, en áður í sex. Þau eru miðuð við tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu. Hæstu innflutningsgjöldin eru 62%, næsthæstu 40% og lægstu gjöldin 22%. Samsvara þessir flokkar 80%, 55% og 35% gjaldflokkunum samkvæmt gömlu lögnum, bæði að því er tekur til vörutegunda og álags, en samtals munu þeir nema 16–18% af heildarinnflutningnum. Gjaldsprósentan lækkar hins vegar nokkuð, enda leggst gjaldið á hærri fjárhæð en fyrr, þar sem yfirfærslugjaldið hefur hækkað. Auk þess er yfirfærslugjaldið nú talið með í verðmæti vöru við ákvörðun verðtolls og söluskatts, en svo var ekki áður. Þeir gjaldflokkar, sem felldir hafa verið niður, eru 70%, 11% og 8% gjaldflokkar. Vörur, sem áður var greitt af 70% gjald (nýir ávextir og hnetur), voru færðar upp í hæsta flokk. Af vörum, sem féllu undir 11% og 8% flokkana, var innflutningsgjöldum á hinn bóginn sleppt. Mjög mikið af innflutningnum féll áður undir þessa gjaldflokka, einkum þó 11% flokkinn, en um það bil þriðjungur innflutningsins var í honum.
- 3) Skattur af innlendum tollvörutegundum, en þær eru m. a. sælgæti, öl og gosdrykkir, er nú innheimtur með 150% álagi, og er álagið hækkað úr 80% eða um tæpan helming.
- 4) Leyfisgjöld af bifreiðum getur ríkisstjórnin hækkað úr 125% í 160% af fob.-verði bifreiðanna.
- 5) Gjald, sem innheimt hefur verið síðan 1950 af gjaldyrisleyfum til utanferða og var samkvæmt eldri lögum um Útflutningssjóð 40% af leyfisfjárhæð, var hækkað í 45%. Þetta ásamt yfirfærslugjaldi hækkar álag á ferðagjaldreyri úr 56% í 100%, en þar við bætist

1% leyfisgjald Innflutningsskrifstofunnar.

- 6) Sérstakt innflutningsgjald var lagt á benzín, og nemur það 62 aurum á hvern lítra. Af þessu gjaldi renna 6 aurar í brúasjóð, 6 aurar í sérstakan sjóð, sem verja á til þess að gera akfæra vegi milli byggðarlaga, og 50 aurar í Útflutningssjóð. Þessi skattur er nýr.

Eftirtaldir gjaldaliðir eru algjörlega óbreyttir frá því, sem var í gömlu lögunum:

- 7) Gjaldeyrissölubankarnir greiða til Útflutningssjóðs 50% tekna sinna af yfirfærsluþóknunum og gengismun.
- 8) Lagt er sérstakt gjald á sölu farmiða til og frá útlöndum, og nemur það 10% af verði miðanna.
- 9) Tryggingafélögin greiða 10% gjald af iðgjöldum váttryggingasamninga. Undanþegnar þessu gjaldi eru þó líftryggingar, brunatryggingar á húsum, tryggingar skipa og flugvéla og búfjártryggingar.
- 10) Af allri sölu og veltu, sem gjaldskyld er samkvæmt gildandi lögum um sölu-skatt, er greitt 6% gjald. Undanþegnar gjaldinu eru því innlendar landbúnaðarafurðir, veiðarfæri, olíur, benzín o. fl.

Ákvæði varðandi verðiagsmál o. fl.

Niðurgreiðslur á vöruverði halda áfram, en frá ársbyrjun 1958 tekur Útflutningssjóður við greiðslunum af ríkissjóði. Jafnframt fellur niður ákvæði fyrri Útflutningssjóðslaganna um, að 20% tekna samkvæmt lögum skuli renna í ríkissjóð. Við gildistöku hinna nýju laga fóru fram reikningsskil milli ríkissjóðs og Útflutningssjóðs. Útflutningssjóður endurgreiddi ríkissjóði útgjöld hans frá 1. janúar vegna niðurgreiðslu á vöruverði, en ríkissjóður endurgreiddi tekjur, er hann hafði haft á sama tíma samkvæmt ákvæðum eldri laganna. Loks skal Útflutningssjóður greiða ríkissjóði árlega 20 millj. kr. af tekjum sínum.

Öll grunnlaun hækkuðu samkvæmt lögunum um 5% frá 1. júní 1958, þó ekki mánaðarlaun hærri en 4.390 kr. Einnig hækkuðu lífeyrisgreiðslur ríkissjóðs og stofnana hans um sömu upphæð, svo og greiðslur almannatrygginganna. Frá gildistöku laganna og til 1. ágúst skal greiða laun með vísitölunni 183 eins og undanfarna mánuði. Hækki vísitala framfærslukostnaðar, sem við setningu laganna var 191 stig, í meira en 200 stig 1. ágúst, skal greiða laun frá 1. september með vísitölunni 183 að viðbættum þeim stigafjölda, sem vísitalan fer fram úr 200 stigum. Skulu laun breytast samkvæmt þessari reglu 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert.

Fréttabættir


Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða — Útgerð og aflabrogð — Viðskiptasamningar — Skráð gengi — Peningamarkaðurinn og töflur um peningamálin.

Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða.

Verzlunarjöfnuðurinn var óhagstæður um 112 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi ársins í ár, en var hagstæður um 27 millj. kr. á sama tíma á síðasta ári. Til máiloka var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 217 millj. kr., en um 66 millj. kr. á fyrstu 5 mánuðum ársins í fyrra. Hinn mikli halli á

verzlunarjöfnuðinum á fyrst og fremst rót sína að rekja til meiri innflutnings og einnig að nokkru leyti til minni útflutnings en verið hefur á sama tíma undanfarin ár.

Helstu breytingar á útflutningsverzluninni á fyrsta ársfjórðungi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra voru þær, að útflutningur á freðfiski og síldarmjöli jókst dálítið, en útflutningur á saltsíld og skreið



Gjaldeyrisviðskipti bankanna 1957 og 1958.

	1957				1958
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. ársfj.
Keyptur gjaldeyrir:					
a) Andvirði útflutnings	264,5	283,2	213,4	308,2	227,9
b) Duldar tekjur	53,4	43,9	46,2	53,3	55,4
Lán, endurgreiðsla o. fl., nettó	÷ 1,3	0,9	2,4	83,8	0,4
Innkomin gjaldeyrir samtals	316,6	328,0	262,0	445,3	283,7
Útlátinn gjaldeyrir samtals	323,0	321,0	344,0	379,0	327,1
Greiðslujöfnuður	÷ 6,4	7,0	÷ 82,0	66,3	÷ 43,4

varð minni. Útflutningur til dollara-greiðslusvæðisins jókst nokkuð og varð að sama skapi minni til vöruskiptalanda. Aukning varð hins vegar á innflutningi frá vöruskiptalöndum, en minnkaði frá E.P.U.-löndum. (Tölur I—IV aftast í heftinu sýna inn- og útflutning, það sem af er árinu.)

Meðfylgjandi tafla sýnir gjaldeyrisviðskipti bankanna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Samkvæmt henni hefur greiðslujöfnuður í gjaldeyrisviðskiptum bankanna verið óhagstæður um 43,4 millj. kr. fyrstu þrjá mánuði ársins. Mest hefur gjaldeyrisstaða bankanna versnað í vöruskiptagjaldeyri, enda hefur verið haldið uppi strangri gjaldeyrissskömmun í frjálsum gjaldeyri frá því á síðara hluta ársins 1957 vegna þess, hve aðstaða bankanna var þá þegar orðin erfið í frjálsum gjaldeyri. Gjaldyrisstaðan hélt enn áfram að versna í aprílmánuði, en batnaði aftur á móti nokkuð í maí, enda var gjaldeyrisstala stöðvuð frá 13.—29. maí, á meðan Útflutningssjóðsfrumvarpið lá fyrir Alþingi. Í lok júnímánaðar var staðan 40,6 millj. kr. lakari en í ársbyrjun. Að frádregnum ábyrgðum og greiðsluskuldbindingum, en viðbættum innheimtum og ónotuðu erlendu lánsfé, hefur gjaldeyrisstaðan versnað á árinu um 8,6 millj. kr., en hafði á sama tímabili í fyrra versnað um 93,8 millj. kr.

Útgerð og aflabrögð.

Vetrarvertíðin gekk vel að þessu sinni og mun betur en í fyrra. Fyrstu fimm mánuði ársins var heildaraflamagnið 19,4% meira

en á sama tíma 1957; togaraafllinn var 15,5% meiri, en bátaafllinn 21,1% meiri. Gæftir voru yfirleitt góðar í verstöðvum á Suðvesturlandi og oft ágætar síðara hluta vertíðar. Afli var mestur hjá netjabátum, en mun minni hjá línubátum og yfirleitt tregur hjá handfærabátum. Strax í byrjun maí minnkaði afli verulega, og lauk vertíðinni almennt, þegar vika var af maí.


Reknetaveiðarnar gáfu minna af sér en í fyrra. Þó byrjuðu þær mjög snemma hjá nokkrum bátum, og var fyrsti sildaraflinn lagður á land um mánaðamótin marz—apríl.

Norðurlandssildin, sem veiðt hefur á þessu sumri, hefur yfirleitt verið mjög góð og var söltunarhæf frá upphafi. Í júnílok höfðu veiðt um 86 þús. mál og tunnur, og af því höfðu verið saltaðar um 65 þús. tunnur. Á sama tíma í fyrra höfðu veiðt um 140 þús. mál og tunnur, en það fór nær allt í bræðslu og skapaði því minna útflutningsverðmæti. Sildin hefur vaðið mjög lítið, það sem af er vertíðinni, svo að verulegu leyti má þakka það nýrri tækni við veiðarnar (og þá einkum leitartækjum bátanna), sem veiðt hefur til þessa í sumar.

Viðskiptasamningar.

Svíþjóð. Viðskiptasamningur Íslands og Svíþjóðar var framlengdur óbreyttur hinn 30. júní sl., og gildir framlengingin til 31. marz 1959. Svíar kaupa héðan saltsíld, söltuð hrogn, hval- og þorskalýsi, fiskimjöl o. fl.; en selja hingað trjávörur, dýra- og jurtaolíur, málmvörur o. fl.

Fiskaflinn úrsfjórðunglega, skipt á togara og báta í þúsundum tonna.



Skráð gengi hjá Landsbanka Íslands 15. júlí 1958.

Skráð frá og með:	Ein- Kaup- Sölu- ing gengi gengi
20/3 1950 Sterlingspund ...	1 45,55 45,70
— — Bandaríkjadollar ...	1 16,26 16,32
31/5 1958 Kanadadollar ...	1 16,90 16,96
20/3 1950 Dönsk króna	100 235,50 236,30
— — Norsk króna	100 227,75 228,50
— — Sænsk króna	100 314,45 315,50
17/9 1957 Finniskt mark ...	100 — 5,10
16/8 1957 Franskur franki .	1.000 38,73 38,86
18/8 1955 Belgískur franki .	100 32,80 32,90
— — Svissn. franki ...	100 374,80 376,00
15/12 1954 Gyllini	100 429,70 431,10
15/8 1953 Tékknesk króna .	100 225,72 226,67
18/8 1955 V.-þýzkt mark ...	100 390,00 391,30
12/5 1956 Lira	1.000 25,94 26,02

Gullgengi íslenzkrar krónu. Pappírskrónan er nú 13,5328% af upphaflegu verðgildi sínu. Ein pappírskróna samsvarar nú 0,0545675 gr af skíru gulli. Samkvæmt því jafngilda 100 gullkrónur 738,95 pappírskrónum.

Lögskráð miðgengi íslenzku krónunnar er 16,2857 kr. í einum Bandaríkjadollar.

Einu breytingarnar, sem orðið hafa á skráningu erlends gjaldeyris, síðan gengið var síðast birt í Fjármálatíðindum, urðu á Kanadadollar. Hinn 31. maí sl. hækkaði sölugengi hans úr 16,81 í 16,96.

Peningamarkaðurinn.

Próun peningamála í vor hefur mótast mjög af áhrifum lagasetningar um Útflutningssjóð. Rúmlega hálfan maí lá tollafgreiðsla og gjaldeyrisviðskipti niðri. Um nokkurra vikna skeið þar á undan hafði verið reynt að draga úr gjaldeyris sölu, en eftirspurn var geysilega mikil vegna yfirvofandi aðgerða í efnahagsmálunum.

Vegna stöðvunarinnar batnaði gjaldeyrisstaðan í maí um 12 millj. kr., en jafnframt varð 15,5 millj. kr. aukning spariinnlána í bönkunum í sama mánuði og 31,8 millj. kr. aukning veltiinnlána, og má telja, að sömu öfl hafi verið þar að verki og átt þátt í þessari innlánaaukningu.

Útlánaaukningin var mjög mikil í maí, eins og venja er til, og áttu lán til sjávarútvegsins í lok vertíðar meginþátt í því. Alls jukust útlán bankanna um 79,4 millj. kr. í maí, en endurkaup afurðavíxla um 43,6 millj. kr. Aukin endurkaup urðu svo til að bæta aðstöðu viðskiptabankanna gagnvart Seðlabankanum verulega.

Aths. Júnítölur í töflunum um peningamál voru ekki tilbúnar, fyrr en setningu lesmáls var lokið, og er því miðað við maílok í þættinum.

Seðlavelta.

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	285.240	320.060	338.530	÷ 28.020	÷ 27.845	÷ 24.265
Febrúar	284.730	304.660	328.505	÷ 510	÷ 15.400	÷ 10.025
Marz	302.280	310.445	333.050	+ 17.550	+ 5.785	+ 4.545
Apríl	314.940	322.980	345.200	+ 12.660	+ 12.535	+ 12.150
Mai	332.460	344.255	363.065	+ 17.520	+ 21.275	+ 17.865
Júní	335.590	334.733	367.270	+ 3.130	÷ 9.522	+ 4.205
Júlí	343.370	356.355		+ 7.780	+ 21.622	
Ágúst	350.610	360.290		+ 7.240	+ 3.935	
September	349.150	367.910		÷ 1.460	+ 7.620	
Október	340.090	356.270		÷ 9.060	÷ 11.640	
Nóvember	334.570	357.270		÷ 5.520	+ 1.000	
Desember	347.905	362.795		+ 13.335	+ 5.525	

Aðstaða bankanna gagnvart útlöndum.

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	÷ 27.138	30.170	÷ 40.957	÷ 11.179	+ 29.665	÷ 17.537
Febrúar	÷ 25.889	18.810	÷ 67.495	+ 1.249	÷ 11.360	÷ 26.538
Marz	÷ 24.518	÷ 21.813	÷ 70.441	+ 1.371	÷ 40.623	÷ 2.946
Apríl	÷ 27.008	1.427	÷ 99.114	÷ 2.490	+ 23.240	÷ 28.673
Mai	÷ 21.935	6.701	÷ 78.418	+ 5.073	+ 5.274	+ 20.696
Júní	÷ 10.564	÷ 20.115	÷ 86.240	+ 11.371	÷ 26.816	÷ 7.822
Júlí	÷ 38.967	÷ 88.908		÷ 28.403	÷ 68.793	
Ágúst	÷ 66.921	÷ 49.650		÷ 27.954	+ 39.258	
September	÷ 69.452	÷ 97.306		÷ 2.531	÷ 47.656	
Október	÷ 98.379	÷ 118.236		÷ 28.927	÷ 20.930	
Nóvember	÷ 94.127	÷ 102.850		+ 4.252	+ 15.386	
Desember	505	÷ 23.420		+ 94.632	+ 79.430	

Endurkeyptir víxlar í Seðlabankanum.

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	371.895	384.751	428.008	÷ 5.262	÷ 31.446	÷ 29.788
Febrúar	350.586	356.303	403.064	÷ 21.309	÷ 28.448	÷ 24.944
Marz	366.997	408.821	434.943	+ 16.411	+ 52.518	+ 31.879
Apríl	443.547	457.306	512.613	+ 76.550	+ 48.485	+ 77.670
Mai	436.987	481.850	556.227	÷ 6.560	+ 24.544	+ 43.614
Júní	466.297	473.367	543.531	+ 29.310	÷ 8.483	÷ 12.696
Júlí	458.373	510.536		÷ 7.924	+ 37.169	
Ágúst	479.182	518.468		+ 20.809	+ 7.932	
September	487.640	540.026		+ 8.458	+ 21.558	
Október	484.170	543.119		÷ 3.470	+ 3.093	
Nóvember	481.595	521.395		÷ 2.575	÷ 21.724	
Desember	416.197	457.796		÷ 65.398	÷ 63.599	

Aðstaða rikissjóðs og rikisstofnana gagnvart Seðlabankanum.

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	÷ 94.696	÷ 91.178	÷ 136.639	÷ 6.959	÷ 5.304	÷ 44.796
Febrúar	÷ 105.216	÷ 102.086	÷ 129.837	÷ 10.520	÷ 10.908	+ 6.802
Marz	÷ 108.770	÷ 106.642	÷ 135.100	÷ 3.554	÷ 4.556	÷ 5.263
Apríl	÷ 111.472	÷ 122.974	÷ 110.337	÷ 2.702	÷ 16.332	+ 24.763
Mai	÷ 133.728	÷ 123.185	÷ 108.595	÷ 22.256	÷ 211	+ 1.742
Júní	÷ 145.719	÷ 142.868	÷ 127.913	÷ 11.991	÷ 19.683	÷ 19.318
Júlí	÷ 160.967	÷ 173.957		÷ 15.248	÷ 31.089	
Ágúst	÷ 144.638	÷ 170.625		+ 16.329	+ 3.332	
September	÷ 145.601	÷ 159.243		÷ 963	+ 11.382	
Október	÷ 143.047	÷ 168.616		+ 2.554	÷ 9.373	
Nóvember	÷ 122.134	÷ 164.409		+ 20.913	+ 4.207	
Desember	÷ 85.874	÷ 91.843		+ 36.260	+ 72.566	

Aðstaða banka og annarra peningastofnana gagnvart Seðlabankanum.
(Að undanskildum endurkaupum víxla, lokuðum reikn. Framkvæmdabankans og reikningi stofnlánadeildarinnar.)

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	÷ 64.736	÷ 47.325	÷ 73.577	+ 24.666	+ 22.215	÷ 11.302
Febrúar	÷ 69.511	÷ 52.870	÷ 90.920	÷ 4.775	÷ 5.545	÷ 17.343
Marz	÷ 73.789	÷ 46.933	÷ 77.841	- 4.278	+ 5.937	+ 13.079
Apríl	÷ 10.198	29.441	÷ 50.381	+ 63.591	+ 76.374	+ 27.460
Mai	÷ 5.007	34.445	÷ 17.677	+ 5.191	+ 5.004	+ 32.704
Júní	37.840	7.002	÷ 35.438	+ 42.847	÷ 27.443	÷ 17.761
Júlí	10.402	1.823		÷ 27.438	÷ 5.179	
Ágúst	÷ 26.760	34.369		÷ 37.162	+ 32.546	
September	÷ 19.305	5.591		+ 7.455	÷ 28.778	
Október	÷ 49.712	15.944		÷ 30.407	+ 10.353	
Nóvember	÷ 61.793	÷ 20.857		÷ 12.081	÷ 36.801	
Desember	÷ 69.540	÷ 62.275		÷ 7.747	÷ 41.418	

Heildarútlán bankanna.

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	2.162.857	2.336.841	2.628.553	÷ 3.503	÷ 6.408	+ 65.979
Febrúar	2.171.656	2.348.870	2.669.079	+ 8.799	+ 12.029	+ 40.526
Marz	2.170.079	2.370.478	2.683.340	÷ 1.577	+ 21.608	+ 14.261
Apríl	2.252.825	2.435.697	2.746.246	+ 82.746	+ 65.219	+ 62.906
Mai	2.321.259	2.480.386	2.825.605	+ 68.434	+ 44.689	+ 79.359
Júní	2.330.520	2.530.022	2.918.666	+ 9.261	+ 49.636	+ 93.061
Júlí	2.359.477	2.602.240		+ 28.957	+ 72.218	
Ágúst	2.400.377	2.631.084		+ 40.900	+ 28.844	
September	2.396.433	2.655.823		÷ 3.944	+ 24.739	
Október	2.422.152	2.698.829		+ 25.719	+ 43.006	
Nóvember	2.396.528	2.688.723		÷ 25.624	÷ 10.106	
Desember	2.343.249	2.562.574		÷ 53.279	÷ 126.149	

Veltinnlán í bönkunum að frádregnu mótvirðisfé.

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	377.695	400.172	493.398	÷ 8.397	+ 30.460	+ 23.533
Febrúar	356.067	401.656	485.649	÷ 21.628	+ 1.484	÷ 7.749
Marz	316.354	378.387	484.462	÷ 39.713	÷ 23.269	÷ 1.187
Apríl	371.915	433.902	515.305	+ 55.561	+ 55.515	+ 30.843
Mái	393.439	452.972	547.064	+ 21.524	+ 19.070	+ 31.759
Júní	371.928	430.351	602.688	÷ 21.511	÷ 22.621	+ 55.624
Júlí	357.386	407.290		÷ 14.542	÷ 23.061	
Ágúst	360.228	443.526		+ 2.842	+ 36.236	
September	355.593	411.183		÷ 4.635	÷ 32.343	
Október	366.601	453.374		+ 11.008	+ 42.191	
Nóvember	343.797	449.921		÷ 22.804	÷ 3.453	
Desember	369.712	469.865		+ 25.915	+ 19.944	

Sparinnlán í bönkunum.

Í mánaðarlok þús. kr.	1956	1957	1958	Mánaðarleg hreyfing		
				1956	1957	1958
Janúar	928.697	1.001.218	1.081.700	+ 20.564	+ 18.750	+ 8.108
Febrúar	939.226	998.464	1.084.947	+ 10.529	÷ 2.754	+ 3.247
Marz	956.748	1.002.053	1.097.216	+ 17.522	+ 3.589	+ 12.269
Apríl	961.789	1.004.297	1.093.732	+ 5.041	+ 2.244	÷ 3.484
Mái	975.646	1.013.126	1.109.245	+ 13.857	+ 8.829	+ 15.513
Júní	994.241	1.030.165	1.130.438	+ 18.595	+ 17.039	+ 21.193
Júlí	1.006.298	1.043.075		+ 12.057	+ 12.910	
Ágúst	1.005.442	1.054.214		÷ 856	+ 11.139	
September	995.679	1.054.435		÷ 9.763	+ 221	
Október	980.059	1.048.458		÷ 15.620	÷ 5.977	
Nóvember	969.578	1.038.760		÷ 10.481	÷ 9.698	
Desember	982.468	1.073.592		+ 12.890	+ 34.832	

Töflur

I. tafla. Inn- og útflutningur og verzlunarjöfnuður eftir mánuðum
1956—1958 í millj. kr.

	1956			1957			1958		
	Inn- flutn.	Út- flutn.	Verzl.- jöfn.	Inn- flutn.	Út- flutn.	Verzl.- jöfn.	Inn- flutn.	Út- flutn.	Verzl.- jöfn.
Janúar	92,7	57,4	÷ 35,3	42,0	65,5	23,5	81,4	51,8	÷ 29,6
Febrúar	88,5	82,8	÷ 5,7	75,8	100,2	24,4	96,0	58,0	÷ 38,0
Marz	78,2	74,4	÷ 3,8	90,7	69,5	÷ 21,2	128,4	83,5	÷ 44,9
Apríl	96,3	96,6	0,3	105,9	72,7	÷ 33,2	147,6	70,8	÷ 76,8
Mai	104,4	61,7	÷ 42,7	159,0	99,6	÷ 59,4	126,7	99,2	÷ 27,5
Júní	135,3	86,4	÷ 48,9	139,5	58,5	÷ 81,0			
Júlí	145,1	62,4	÷ 82,7	93,1	42,5	÷ 50,6			
Ágúst	96,2	80,6	÷ 15,6	76,9	104,6	27,7			
September	88,0	81,2	÷ 6,8	132,6	87,6	÷ 45,0			
Október	126,4	113,8	÷ 12,6	104,9	73,5	÷ 31,4			
Nóvember	130,0	120,1	÷ 9,9	111,3	127,2	15,9			
Desember	287,0	113,6	÷ 173,4	230,2	85,2	÷ 145,0			
Samtals	1.468,1	1.031,0	÷ 437,1	1.361,9	986,6	÷ 375,3			
Janúar—maí	460,1	372,9	÷ 87,2	473,4	407,5	÷ 65,9	580,1	363,3	÷ 216,8

II. tafla. Útflutningur helztu vöruflokka í millj. kr. og hlutfallstölum (%).

	Allt árið				Janúar—marz			
	1956		1957		1957		1958	
	millj. kr.	%	millj. kr.	%	millj. kr.	%	millj. kr.	%
Ísfiskur	25,0	2,4	28,0	2,8	10,8	4,6	10,3	5,3
Frystur fiskur	330,2	32,0	325,3	33,0	74,8	31,8	76,9	39,8
Fryst síld	9,9	1,0	15,3	1,6	2,2	0,9	3,1	1,6
Saltfiskur	191,0	18,6	151,6	15,4	29,9	12,7	25,6	13,2
Hrogn, söltuð og fryst	16,6	1,6	15,8	1,6	2,8	1,2	4,7	2,4
Harðfiskur	103,3	10,0	93,4	9,5	17,1	7,3	5,7	3,0
Saltsíld	105,5	10,2	96,9	9,8	34,6	14,7	9,9	5,1
Porskalýsi	40,7	3,9	31,8	3,2	9,2	3,9	5,0	2,6
Sildarlýsi	17,1	1,7	26,9	2,7	5,6	2,4	5,3	2,7
Karfalýsi	10,7	1,0	8,8	0,9	2,2	0,9	2,4	1,2
Hvallýsi	9,6	0,9	11,0	1,1	5,9	2,5	5,5	2,8
Fiskimjöl	49,8	4,8	59,7	6,0	13,9	5,9	9,5	4,9
Síldarmjöl	4,8	0,5	20,6	2,1	7,7	3,3	12,6	6,5
Karfamjöl	14,1	1,4	11,9	1,2	1,6	0,7	2,3	1,2
Ull	18,4	1,8	13,7	1,4	6,2	2,6	0,1	0,1
Gærur og skinn	32,0	3,1	20,0	2,0	1,6	0,7	4,6	2,4
Köfnunarefnisáburður	5,5	0,5	2,7	0,3	2,7	1,1	—	—
Kindakjöt	18,0	1,8	18,6	1,9	1,1	0,5	3,4	1,8
Aðrar vörur	29,3	2,8	34,6	3,5	5,3	2,3	6,5	3,4
Samtals	1.031,5	100,0	986,6	100,0	235,2	100,0	193,4	100,0

III. tafla. Viðskipti við einstök lönd í millj. kr.

	Innflutningur				Útflutningur			
	Allt árið		Janúar—marz		Allt árið		Janúar—marz	
	1956	1957	1957	1958	1956	1957	1957	1958
E.P.U.- og sterling-greiðslusvæðið:								
Danmörk	86,9	95,0	13,0	19,6	23,1	22,1	1,5	3,9
Noregur	33,8	43,3	3,1	7,4	4,2	11,7	3,7	0,1
Svíþjóð	50,8	42,9	5,2	6,4	35,7	46,3	8,4	5,9
Belgía	21,3	18,5	3,6	2,6	3,0	1,8	1,1	0,8
Bretland	134,8	158,1	23,6	27,8	96,4	93,2	19,6	18,4
Grikkland	1,8	1,1	0,5	0,3	15,3	16,2	5,1	1,4
Holland	64,6	46,5	11,2	11,0	29,0	13,6	7,3	3,5
Ítalía	28,0	33,3	6,6	3,8	53,0	35,8	6,9	7,8
Portúgal	0,5	0,4	0,2	0,0	51,2	41,1	—	—
Vestur-Þýzkaland	142,0	104,1	18,7	26,1	96,1	86,5	18,2	29,6
Brezkar nýlendur í Afriku	0,1	0,1	0,1	—	37,5	70,1	13,1	1,1
Önnur E.P.U.-lönd	93,4	35,0	6,0	10,6	27,2	19,4	6,1	4,7
E.P.U.-lönd samtals	658,0	578,3	91,8	115,6	471,7	457,8	91,0	77,2
Dollara-greiðslusvæðið:								
Bandaríkin	246,6	182,1	35,1	54,0	127,6	90,7	27,4	34,5
Kanada	3,9	3,2	0,4	0,7	0,1	0,6	—	—
Kúba	12,3	14,8	2,8	0,9	8,5	7,2	2,6	3,2
Önnur dollaralönd	2,5	2,9	0,4	0,6	0,3	0,8	0,1	0,1
Dollarasvæðið samt.	265,3	203,0	38,7	56,2	136,5	99,3	30,1	37,8
Vöruskiptalönd:								
Finnland	58,5	63,4	7,9	16,8	47,2	55,7	15,5	3,3
Pólland	25,3	33,9	11,5	12,6	14,3	16,8	7,3	5,8
Rússland	240,8	278,5	26,3	51,3	203,0	212,9	54,5	27,8
Spánn	43,0	30,2	7,1	5,1	31,1	16,1	3,2	—
Tékkóslóvakía	78,3	75,1	12,5	25,3	60,2	56,7	12,6	19,6
Austur-Þýzkaland	39,8	61,4	10,4	12,2	30,1	41,9	8,3	9,5
Brasilía	41,1	23,6	0,3	7,3	30,6	22,0	12,0	12,0
Önnur vöruskiptalönd . .	18,0	11,0	2,0	3,4	6,8	7,4	0,7	0,4
Vöruskiptalönd samt.	544,8	577,1	78,0	134,0	423,3	429,5	114,1	78,4
Samtals	1.468,1	1.358,4	208,5	305,8	1.031,5	986,6	235,2	193,4

V. tafla. Fiskafli, sundurliðaður á togara og báta, frá janúar 1956 til maí 1958.

	1956			1957			1958		
	Togara tonn	Báta tonn	Samtals tonn	Togara tonn	Báta tonn	Samtals tonn	Togara tonn	Báta tonn	Samtals tonn
Janúar	7.881	3.250	11.131	7.461	7.075	14.536	6.400	12.242	18.642
Febrúar	10.812	27.558	38.370	7.639	21.776	29.415	12.699	25.664	38.363
Marz	15.744	39.590	55.334	12.116	40.296	52.412	14.201	46.719	60.920
Apríl	21.501	53.153	74.654	15.333	46.388	61.721	17.326	63.317	80.643
Maí	17.446	13.787	31.233	16.332	18.969	35.301	17.393	14.966	32.359
Júní	20.911	9.195	30.106	19.339	25.684	45.023			
Júlí	13.559	66.795	80.354	18.821	50.616	69.437			
Agúst	13.125	19.897	33.022	15.700	33.660	49.360			
September	17.284	5.450	22.734	10.814	8.651	19.465			
Október	12.545	15.077	27.622	11.513	5.462	16.975			
Nóvember	14.744	9.187	23.931	9.764	10.570	20.334			
Desember	8.190	7.014	15.204	10.715	11.633	22.348			
Samtals	173.742	269.953	443.695	155.547	280.780	436.327			
Janúar—maí	73.384	137.338	210.722	58.881	134.504	193.385	68.019	162.908	230.927

VI. tafla. Fiskaflinn 1955—1958, skipt á fisktegundir.

Miðað er við fiskinn slægðan með haus að öðru leyti en því, að síld og annar fiskur í verksmiðjur er talinn óslægður úr sjó.

	Allt árið			1. ársfjórðungur	
	1955	1956	1957	1957	1958
	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn
Skarkoli	247	451	1.320	69	120
Heilagfiski	280	508	914	259	408
Annar flatfiskur	125	792	1.610	86	439
Þorskur	248.861	234.186	201.160	74.338	85.673
Ýsa	11.883	16.172	20.083	9.271	10.543
Langa	3.293	2.988	2.684	1.590	2.268
Steinbitur	3.434	5.684	8.824	2.838	5.121
Karfi	72.120	58.578	61.552	2.585	4.792
Ufsi	9.682	18.913	14.376	2.478	3.032
Keila	3.655	3.072	3.386	1.779	3.616
Síld	53.593	100.465	117.495	—	1.422
Úrgangsfiskur í verksmiðjur .	1.779	1.887	2.923	1.070	491
Samtals	408.952	443.696	436.327	96.363	117.925

VII. tafla. Hagnýting fiskaflans 1955—1958.

Aflinn talinn eins og í VI. töflu.

	Allt árið			1. ársfjórðungur	
	1955	1956	1957	1957	1958
	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn
Ísaður fiskur	11.323	18.283	17.314	7.191	6.055
Fiskur til frystingar	170.254	164.368	179.855	54.113	66.377
Fiskur í herzlu	59.969	47.635	34.477	8.378	14.470
Fiskur í niðursuðu	323	164	133	77	41
Fiskur til söltunar	106.734	100.781	77.667	25.026	26.887
Sild til söltunar	36.507	51.358	27.156	—	—
Sild til frystingar	10.997	12.909	12.024	—	5
Sild í verksmiðjur	4.933	36.198	78.315	—	1.219
Annar fiskur í verksmiðjur ..	5.419	8.486	5.958	447	1.214
Annað	2.493	3.514	3.428	1.131	1.657
Samtals	408.953	443.696	436.327	96.363	117.925

VIII. tafla. Framleiðsla og sala mjólkurafurða 1955—1958.

	Allt árið			1. ársfjórðungur	
	1955	1956	1957	1957	1958
Móttekin mjólk tonn	54.227	59.286	66.387	13.312	14.037
Seld nýmjólk þús. ltr.	26.227	27.737	28.948	7.351	7.610
Seldur rjómi þús. ltr.	851	875	914	213	218
Framleitt smjör tonn	702	762	940	142	127
Selt smjör tonn	719	717	797	180	212
Framleitt skyr tonn	1.500	1.612	1.803	388	409
Framleiddur mjólkurostur tonn	407	494	761	58	144
Seldur mjólkurostur tonn	477	450	524	114	143
Framleiddur mysuostur tonn	47	54	48	12	11
Mjólk í niðursuðu þús. ltr.	154	164	144	—	—
Undanrenna í kasein þús. ltr.	3.698	4.652	5.197	861	747
Framleitt nýmjólkurduft tonn	41	37	37	8	8
Framleitt undanrennuft tonn	212	299	363	47	36

IX. tafla. *Visitatal framfærslukostnaðar.*

Marz 1950 = 100.

	1953	1954	1955	1956	1957	1958
Janúar	157	158	161	175	186	191
Febrúar	157	158	161	176	186	191
Marz	156	158	161	178	187	191
Apríl	156	158	162	180	189	192
Mai	156	158	162	181	190	192
Júní	156	159	163	182	190	193
Júlí	157	159	165	185	191	199
Agúst	156	158	165	186	191	
September	159	159	165	186	191	
Október	157	159	172	186	191	
Nóvember	158	159	173	186	191	
Desember	158	160	174	186	191	

XI. tafla. *Visitatal byggingarkostnaðar.*

Október 1955	100
febrúar 1957	113
júní 1957	116
október 1957	117
febrúar 1958	117
júní 1958	123

Ath. Umreikna má þessa visitölu í visitölu samkv. eldri grundvelli með því að margfalda hana með 9,69.

X. tafla. *Kaupgjaldsvisitatal.*

Marz 1950 = 100.

Júní—ágúst 1955	151 + 10
september—nóvember 1955	154 + 10
desember 1955—febrúar 1956	161 + 10
marz—maí 1956	163 + 10
júní—ágúst 1956	168 + 10
september—nóvember 1956	168 + 10
desember 1956—febrúar 1957	168 + 10
marz—maí 1957	178
júní—ágúst 1957	182
september—nóvember 1957	183
desember 1957—febrúar 1958	183
marz—maí 1958	183
júní—ágúst 1958	183

Ath. Til febrúarloka 1957 var greitt kaup skv. kaupgjaldsvisitölu að viðbættum 10 stigum.

XII. tafla. *Húsaleiguvisitatal.*

Janúar—marz 1939 = 100.

	1953	1954	1955	1956	1957	1958
Janúar—marz	212	212	213	231	254	261
apríl—júní	212	211	214	236	256	261
júlí—september	212	213	225	253	261	269
október—desember	212	213	228	254	262	

XIII. tafla. *Innlán og útlán sparisjóða, Söfnunarsjóðs og innlánsdeilda kaupfélaga.*

	Sparisjóðir				Söfnunarsjóður		Kaupfélög Innstæður í innláns- deildum
	Spari- innlán	Hlaupa- reiknings- innlán	Innlán samtals	Heildar- útlán	Útlán og verðbréf	Innlán	
Árslok							
1952	144,3	8,8	153,1	148,8	15,2	14,5	49,2
1953	178,4	10,9	189,3	176,1	15,1	14,6	57,9
1954	229,3	8,9	238,2	225,5	15,0	14,9	84,1
1955	268,1	12,0	280,1	262,1	15,7	15,3	110,2
1956	337,9	22,8	360,7	328,4	16,4	16,1	139,0
1957	413,3	36,3	449,6	405,0	17,0	16,7	
Mánaðarlok 1958							
Janúar	431,5	36,7	468,2	426,0			
Febrúar	432,2	33,1	465,3	423,2			
Marz	434,4	33,6	468,0	429,5			
Apríl	435,9	38,4	474,3	432,7			
Mai	445,4	44,0	489,4	442,8			

Ath. Tölurnar fyrir hver mánaðarlok 1958 eru bráðabirgðatölur, svo og árslok 1957.

XIV. tafla. Efnahagsreikningar Seðlabankans.

Í þús. kr.

	ÁRSLOK		Mánaðarlok 1958				
	1956	1957	Feb.	Marz	Apríl	Mai	Júní
Eignir:							
Gullmynt	5.731	5.731	5.731	5.731	5.731	5.731	5.731
Erlendar eignir:							
Erlendir bankar o. fl.	83.410	21.394	14.316	19.819	15.002	17.686	28.317
Erlend verðbréf	95.742	96.312	98.588	99.969	99.969	99.969	99.969
Erlendir vixlar	29.687	103.224	124.081	109.399	112.396	102.255	89.728
Vöruskiptareikningar	9.755	18.494	685	10.971	11.038	5.278	5.763
Skuldir á hlaupareikningi:							
Aðalviðskiptareikn. ríkissjóðs	15.032	33.511	87.110	86.108	69.943	73.844	110.690
Aðrir ríkisreikningar	84.618	84.950	82.691	88.449	88.723	93.461	100.275
Lán ríkissj. v. alþjóðast.	15.040	15.040	15.040	15.040	15.040	15.040	15.040
Ríkisstofnanir o. fl.	—	2.077	1.849	3.277	3.487	3.333	3.233
Verðbréf:							
Innlend verðbréf	7.152	17.922	45.659	45.187	43.327	43.609	36.147
Skuldabr. ríkissj. v. stofnl. .	13.460	12.113	12.113	12.113	12.113	12.113	12.113
Stóreignaskattsbréf	14.593	13.477	13.477	13.477	13.477	13.477	13.477
Peningastofnanir:							
Reikningsskuldir banka og } sparisjóða }	68.296	87.713	86.965	84.930	71.344	63.001	77.339
Reikningsskuldir fjárfest- } ingarlánastofnana }			5.779	5.106	5.106	5.106	5.106
Lán gegn verðbréfum	70.000	41.000	79.000	68.500	84.000	53.000	53.000
Endurkeyptir vixlar	416.197	457.796	403.064	434.943	512.613	556.227	543.531
Stofnlánadeildin	67.437	63.447	64.107	63.797	63.395	63.451	62.838
Ymislegt	18.481	30.074	7.321	7.919	11.663	11.701	15.122
Sjóður	303	31	355	556	296	308	508
Samtals	1.014.934	1.104.306	1.147.931	1.175.291	1.238.665	1.238.590	1.277.927
Skuldir:							
Seðlar í umferð	347.905	362.795	328.505	333.050	345.200	363.865	367.270
Innstæðufé peningastofnana:							
Bankar og sparisjóðir } Fjárfestingarlánastofnanir } Veðdeildin }	52.136	41.181	42.761	54.505	84.453	76.255	78.994
		13.257	9.510	9.756	9.240	10.695	4.399
			16.553	4.434	4.376	4.478	4.614
Innstæðufé á hlaupareikningi:							
Ríkissjóður } Ríkisstofnanir } Aðrir reikningar }	28.816	43.735	30.371	32.384	32.468	28.984	31.544
			26.438	23.889	32.886	46.761	68.957
			7.208	19.669	19.607	19.617	19.500
Mótvirðisfé:							
Mótvirðisjóður	62.515	62.515	62.515	62.515	62.515	62.515	62.515
Lokaður reikningur	77.898	71.316	67.750	68.433	67.750	67.750	67.750
Skuldagreiðslureikningur ..	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Erlendar skuldir:							
Erlendir bankar	87.979	148.379	159.522	157.883	171.750	138.774	142.830
Skuld við E.P.U.	89.099	86.949	86.542	86.722	84.865	84.637	83.790
Vixlar seldir erlendis	—	—	8.887	8.887	4.456	—	—
Vöruskiptareikningar	45.145	37.992	63.028	68.058	69.910	82.053	87.620
Innstæðufé Viðskiptabankans } vegna erl. innheimta }	16.620	12.000	12.000	12.000	12.000	12.000	12.000
Ymislegt	8.208	9.266	11.420	18.185	22.268	25.285	31.223
Stofnfé	4.800	4.800	4.800	4.800	4.800	4.800	4.800
Varasjóður	97.000	109.000	109.000	109.000	109.000	109.000	109.000
Annað eigið fé	46.813	51.121	51.121	51.121	51.121	51.121	51.121
Samtals	1.014.934	1.104.306	1.147.931	1.175.291	1.238.665	1.238.590	1.277.927

XV. tafla. Efnahagsreikningar viðskiptabankanna.
Samandreginn efnahagur Viðskiptabanka Landsbankans, Útvegsbankans,
Búnaðarbankans og Iðnaðarbankans.
Í þús. kr.

	ÁRSLOK		Mánaðarlok 1958				
	1956	1957	Feb.	Marz	April	Mái	Júní
Eignir:							
Innlend verðbréf	254.900	303.164	317.682	315.271	316.966	317.696	318.454
Innlendir vixlar	1.108.376	1.212.409	1.193.863	1.230.916	1.293.502	1.372.058	1.374.882
Afborgunarlán	57.914	61.797	61.943	62.412	63.319	63.586	63.893
Lán í hlaupareikn., reikningslánnum, viðskiptalánnum o. fl.	701.600	746.346	780.501	754.566	770.482	761.332	815.084
Erlendar eignir, nettó	4.434	11.34C	13.771	11.820	÷ 6.538	1.848	4.654
Seðlabankinn	23.260	13.374	15.227	16.415	45.634	22.658	22.003
Aðrar innlendar peningastofnanir	9.835	26.903	21.140	23.934	28.626	29.767	28.452
Ábyrgðatryggingar	113.623	163.178	120.304	116.833	125.411	128.184	130.684
Ýmislegt	40.018	91.413	50.362	64.085	78.751	75.788	91.615
Sjóður	18.935	22.500	25.250	24.974	25.495	23.384	27.508
Samtals	2.332.895	2.652.424	2.600.043	2.621.226	2.741.648	2.796.301	2.877.229
Skuldir:							
Innstæðufé í sparisjóði og gegn skirteinum	989.241	1.082.806	1.094.427	1.106.699	1.103.469	1.119.136	1.140.477
Innstæðufé í hlaupareikningi, reikningslánnum og viðskiptalánnum	365.684	480.272	460.485	442.426	466.565	484.864	525.112
Endurseldir vixlar	415.390	457.596	417.869	441.905	513.050	562.457	557.952
Ábyrgðir	113.623	163.178	120.304	116.833	125.411	128.184	130.684
Seðlabankinn	128.564	111.478	157.454	147.098	152.266	110.828	114.804
Aðrar innlendar peningastofnanir	20.318	300	8.221	7.527	7.178	7.382	6.864
Ýmislegt	63.033	95.227	76.326	93.779	108.750	118.491	136.377
Stofnfé	13.815	13.815	13.815	13.815	13.815	13.815	13.815
Varasjóður	104.052	113.612	116.667	116.667	116.667	116.667	116.667
Annað eigið fé	119.175	134.140	134.475	134.477	134.477	134.477	134.477
Samtals	2.332.895	2.652.424	2.600.043	2.621.226	2.741.648	2.796.301	2.877.229

LANDSBANKI ÍSLANDS

STOFNADUR 1885
SÍMNEFNI: LANDSBANKI

REYKJAVÍK

AUSTURSTRÆTI 11
KLAPPARSTÍG 29
LANGHOLTSVEGI 43

ÍSAFIRÐI
AKUREYRI
ESKIFIRÐI
SELFOSSI

GRÆDDUR ER GEYMDUR EYRIR